



Niðurstöður nýrrar rannsóknar sýna mikinn mun á Íslandi og Evrópuþjóðunum hvað varðar öryggi þingkvenna. Í flestum tilvikum er öryggi þeirra íslensku minna og mestur munurinn kemur fram þegar líkamlegt ofbeldi er skoðað. Konur sitja almennt styttra á þingi en karlar og ekki ólíklegt að þessar dökku niðurstöður eigi stóran þátt í því. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

80 prósent verða fyrir ofbeldi

Um 80 prósent kvenna á Alþingi verða fyrir kynbundnu ofbeldi samkvæmt nýrri könnun. Hlutfallið er hærra hér á landi en í öðrum löndum Evrópu. Mestur er munurinn á líkamlegu og efnahagslegu ofbeldi.

ALÞINGI Um 80 prósent þingkvenna verða fyrir kynbundnu ofbeldi samkvæmt nýrri rannsókn sem gerð var meðal kvenna sem starfa eða hafa nýlega hætt störfum á Alþingi. Spurningarnar voru ekki lagðar fyrir karlmenn. Rannsóknin var lögð fyrir 33 konur í maí á þessu ári og var svarhlutfall 76 prósent. Niðurstöður rannsóknarinnar koma fram í nýrri bók dr. Hauks Arnþórssonar sem kemur út í dag.

80 prósent kvennanna sögðust hafa orðið fyrir sálfræðilegu ofbeldi, 28 prósent fyrir kynferðislegu ofbeldi, 24 prósent líkamlegu

ofbeldi og 20,8 prósent sögðust hafa orðið fyrir efnahagslegu ofbeldi. Efnahagslegt ofbeldi er þegar konur er neitað um starfskjör eða starfsaðstöðu sem þær eiga rétt á eða ef eigur þeirra eru skemmdar.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru bornar saman við viðamikla könnun um kynbundið ofbeldi sem gerð var af Alþjóða-þingmannasambandinu í samvinnu við Evrópuráðið árið 2018. Sé tekið mið af samanburðinum má sjá að hlutfall kvenna sem orðið hafa fyrir kynbundnu ofbeldi er hærra á Alþingi en á öðrum þjóðþingum Evrópu.

Ofbeldi gegn þingkonum

	Alþingi maí 2019	Evrópsk þjóðþing 2018
Sálfræðilegt ofbeldi	80,0%	85,2%
Kynferðislegt ofbeldi	28,0%	24,7%
Líkamlegt ofbeldi	24,0%	14,8%
Efnahagslegt ofbeldi	20,8%	13,5%

» Á Alþingi hafa 24 prósent kvenna orðið fyrir líkamlegu ofbeldi.

Mestur er munurinn á líkamlegu og efnahagslegu ofbeldi. Í Evrópu hafa 14,8 prósent orðið fyrir líkamlegu ofbeldi, rúmum 9 prósentum minna en hér. Þegar litið er á efnahagslegt ofbeldi hafa rúmlega 7 prósentum fleiri íslenskar þingkonur orðið fyrir því en evrópskar.

Rannsóknin felur í sér fjölda annarra þátta, til dæmis kemur þar fram að konur sitji styttra á þingi en karlar, að mikill munur sé á kjösendum á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu og að 63,5 prósent þingmanna séu úr efstu lögum þjóðfélagsins. — b dj

Titringur meðal stjórnarliða

SAMGÖNGUMÁL Verði endurskoðun samgönguáætlunar að veruleika verður ráðist í umfangsmestu jarðgangagerð til þessa á Íslandi. Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherraæddi um nju jarðgangakosti á blaðamannafundi í gær.

Á fundinum kom fram að til ársins 2034 yrði fé til nýframkvæmda aukið um 12,3 milljarða króna milli áætlana, úr 55,7 milljörðum í 68 milljarða. Einnig verða framlög til viðhalds og þjónustu aukin.

Sigurður Ingi segir að hægt verði að ráðast í framkvæmdir fyrir 214 milljarða á næstu sjö árum en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er titringur innan ríkisstjórnarflokka vegna slægrar kynningar samgönguráðherra á málinu.


— ab, aá / sjá síðu 4

Stórskáldið

Eftir Björn Leó Brynjarsson




FRUMSÝNT
★ Í KVÖLD ★



borgarleikhus.is

Veður



Breytileg átt, 3-8 m/s eftir hádegi í dag og yfirleitt bjartviðri, en að mestu skýjað austanlands. Hiti 1 til 8 stig, hlýjast syðst. **SJÁ SIÐU 16**

26,4 milljóna króna gjaldþrot á einu ári

VIÐSKIPTI Skiptum er lokið í þrotabúi fyrirtækis Jupiter gisting ehf., sem var í eigu athafnamannsins Sverris Einarssonar. Engar eignir fundust í búinu en lýstar kröfur námu um 26,4 milljónum króna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins tengdist fyrirtækið um tíma rekstri á Hótel Brimi í Skipholti.

Athygli vekur að fyrirtækið var stofnað í maí 2018 en var úrskurðað gjaldþrota í maí 2019. Meðal áhuga-fólks um krassandi gjaldþrot þykir það afar vel gert að ná að kveikja í kennitölu á svo skömmum tíma.



Sverrir Einar Eiríksson.


Þetta er annað gjaldþrot félags í eigu Sverris Einarssonar á árinu. Í janúar lauk skiptum í þrotabúi starfsmannaleigunnar Proventus ehf. sem Sverrir átti og rak. Um 80 starfsmenn, flestir pólskir, störfuðu á vegum fyrirtækisins þegar mest var. Kröfur í búinu námu 114 milljónum króna en engar eignir fundust.

Viðskiptaferill Sverris Einarssonar hefur verið fjölbreyttur í meira lagi. Hann hefur keypt gull af Íslendingum, stundað demantaviðskipti, opnað smálánafyrirtæki sem og listgallerí. Þá hefur hann selt Herbalife, boðið Íslendingum upp á 95% fasteignalán, rekið gistiheimili sem og leigufélag. Þá rak hann um tíma veitingastaðinn Gömlu smiðjuna og í kjölfarið Þrastalund í Grímsnesi.

Síðastnefnda starfsemin rataði oft á síður fjölmörgu. Meðal annars fyrir að koma staðnum á framfæri, selja vatnsflösku á 750 krónur og að selja áfengi í kjörbúð staðarins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins einbeittir Sverrir Einar sér nú að útleigu lúxuseigna á Bretlandseyjum. — bp

Jólafileingur í borginni



Í dag eru 66 dagar til jóla og er undirbúningur nú þegar hafinn í borginni. Starfsmenn Reykjavíkurborgar hengdu upp jólastrauk á ljósastaur fyrir utan Dómkirkjuna í gær. Viða hefur sést jólastrauk í borginni, til að mynda á Hverfisgötu og á Laugavegi. Í kaffisamsætum borgarinnar er gjarnan kvartað yfir því að jólaundirbúningurinn byrji of snemma en aðrir fagna því að komast snemma í jólafileing. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Dæmt í máli Seðlabankans

DÓMSMÁL Dómur verður kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness í dag í máli Seðlabanka Íslands gegn Ara Brynjólfssyni, blaðamanni Fréttablaðsins.

Seðlabankinn stefndi til að fá úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál hnekkst en nefndin taldi bankanum skylt að veita upplýsingar um samning sem Már Guðmundsson, þáverandi seðlabankastjóri, gerði við Ingibjörgu Guðbjartsdóttur, fyrrverandi framkvæmdastjóra gjalddeyriseftirlits.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fékk Ingibjörg greiddar á annan tug milljóna króna við starfslok sín hjá bankanum, bæði með launagreiðslum án kröfu um vinnuframlag og námsstyrk við Harvard-háskóla.

Seðlabankinn hefur enn ekki afhent upplýsingar um samninginn en réttaráhringum úrskurðarins var frestað meðan málið er rekið. — aa

Margar kynslóðir saman í hádegismat

Mötuneytisvandræði Seyðisfjarðarskóla leystust með því að smala öllum saman í hádegismat í félagsheimilinu þar sem margar kynslóðir snæða saman. Skólastjóri hvetur önnur sveitarfélög til að gera slíkt hið sama.

AUSTURLAND Lífleg stemning er nú í hádeginu í félagsheimilinu Herðubreið á Seyðisfirði þar sem grunn-skólaborð hádegismat með öðrum bæjarbúum. Hefur þetta nú staðið yfir í viku, eða frá því að leysa þurfti matráðinn í mötuneyti skólans af. Svandís Egilsdóttir, skólastjóri Seyðisfjarðarskóla, segir ekkert atvinnuleysi vera í bænum og voru því góð ráð dýr. Hafði hún þá samband við Hótel Öldu og bað um aðstoð þaðan.

„Þetta hefur lengi verið draumur okkar, bæði í skólanum og þeirra sem sjá um félagsheimilið, að bjóða upp á eitthvað svona. Í síðustu viku var komið upp ástand sem þurfti að leysa þannig að við kylfum bara á þetta og þau fluttu eldhúsið af hóteliinu og inn í Herðubreið. Það er alltaf gaman að geta hjálpað að og geta látið drauma sína rætast í leiðinni,“ segir Svandís.

Til stendur að bjóða upp á sameiginlegan hádegismat bæjarbúa fram að júlum. Svandís veit ekki hvort þetta fyrirkomulag getur orðið varanlegt, ferðamennirnir byrja að koma í apríl áður en skólanum lýkur og verða enn í bænum þegar skólinn hefst aftur í ágúst. Þetta gengur alla vega á meðan það er rólegt á hóteliinu. Við plönunum fram tíðina betur í desember, þegar reynslan er orðin meiri, auðvitað eru alltaf lausnir á öllu.

Almenn ánægja er með fyrirkomulagið. „Það myndast mjög líflig stemning og það er virkilega frábært að margar kynslóðir borði saman. Foreldrar geta komið og borðað með börnunum. Eldri borgarar eru svo með sérstakan dil á matnum. Það er eitthvað svo heimilislegt að allt samfélagið sé að borða saman. Það



Ungir sem aldrei fá sér hádegismat í Herðubreið. MYND/SVANDÍS EGILSDÓTTIR

Það er eitthvað svo heimilislegt að allt samfélagið sé að borða saman. Það er mjög mikils virði að enginn þurfi að borða einn.

Svandís Egilsdóttir, skólastjóri Seyðisfjarðarskóla



er mjög mikils virði að enginn þurfi að borða einn.“

Unnið er með lifrænt grænmeti sem kemur ferskt með Norrænu. Einnig er passað upp á að vera ekki með unnar matvörur.


Alls eru þetta minnst 110 manns í einu, oft fleiri. Þeim fjölgaði nokkuð

í gær þegar 45 listnámsnemar frá Hollandi voru með. „Þetta var smá kaos, sem er bara gott,“ segir Svandís og hlær. Á næstunni munu svo elstu börnin af leikskólanum einnig koma yfir, allavega einn dag.

Taka þarf mið af þörfum mismunandi hópa. „Það er ekki alveg sami matseðillinn alla daga fyrir alla, það er líka verið að elda fyrir eins árs börn, þau þurfa ekki allan jafn staðgóðan mat og starfsmenn Endurvinnslunnar. Það er reynt að mæta öllum þörfum,“ segir Svandís.

Svandís hvetur önnur sveitarfélög til að prófa þetta. „Við gerðum þetta þegar ég var skólastjóri á Borgarfirði eystra. Þá kom eldra fólk sem bjó eitt í skólamötuneyti. Mér finnst að við ættum að hugsa um okkar félagslegu líðan þegar við erum að skipuleggja okkur. Ég er alveg handviss um að þetta geti unnið gegn einmanaleika.“ arib@frettabladid.is

FLOREALIS



Haltu þínu striki!

Harpatinum er eina viðurkennda jurtylfið á Íslandi til að draga úr gigtarverkjum

Notkun: 2 hylki tvisvar á dag við vægum gigtarverkjum. Notist ekki ef ofnæmi fyrir jarðhnetum eða soja, eða sár í maga eða börnum er þekkt. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.florealis.is og www.serlyfjaskra.is.

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

www.florealis.is

Tveir á toppnum frá Škoda.



ŠKODA



TROÐFULLUR
AF STAÐALBÚNAÐI

Vertu til í allt á Kodiaq og Karoq.

Škoda Kodiaq og Karoq koma báðir sneisafullir af staðalbúnaði og hafa slegið rækilega í gegn með útliti sem tekið er eftir hvar sem þeir fara. Aksturseiginleikar bræðranna gera lífið skemmtilegra og nú fylgir Karoq aukabúnaðarpakki, sem inniheldur meðal annars hita í stýri og framrúðu, sem gerir íslenska veturinn líka aðeins mýkri. Komdu í reynsluakstur og mátaðu þig í Kodiaq eða Karoq litla bróður. Hlökkum til að sjá þig.

Škoda Kodiaq 4x4

2.0 / Dísil / Sjálfskiptur

Verð frá 6.150.000 kr.

Bakkmyndavél, stöðugleikastýring, hraðastillir, rafmagnsopnun á afturhlera, nálgunarvarar, LED ljósabúnaður, 8 hátalarar og fleira.

Škoda Karoq 4x4

1.5 / Bensín / Sjálfskiptur

Tilboðsverð 4.990.000 kr.

Dráttarbeisli, hiti í stýri, fjarlægðatengdur hraðastillir, hiti í framrúðu, bakkmyndavél, rafmagnsopnun á afturhlera og fleira.



Sýningarsalurinn okkar á netinu er opin allan sólarhringinn. Skoðaðu úrvalið!
www.hekla.is/skodasalur

5 ára ábyrgð fylgir fölskiltum HEKLU að uppþylltum akvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd. Verð miðast við gengi 16. október, 2019.



HEKLA · Laugavegi 170-174 · 105 Reykjavík · Sími 590 5000

www.skoda.is



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 Furða sig á viðbrögðum vegna gagnrýni: „Rosalega ógeðslegt pakk“. María Lilja og Hildur Lillindahl voru hissa á viðbrögðum við gagnrýni á karllæga orðnotkun dómsmálaráðherra.

2 Höfum gjörbylt heilsu ungra barna Barnasmitsjúkdómalæknir segir að bólusetningar séu farnar lómb eigin velgengni.

3 Barnabarnið lést tveggja ára gamalt og dóttirin blindaðist Mæðgur fæddust báðar með sjaldgæft krabbamein í báðum augum.

4 Nýr útgöngusamningur Breta samþykktur Boris Johnson mun bera samninginn undir þjóðþing Breta á laugardaginn.

5 „Það hefur enginn neitt við svona mikið pláss að gera“ Jarðfræðingur segir höll Skúla Mogensen dæmi um slæma nýtingu á plássi og misskiptingu auðs.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á www.frettabladid.is

ILO-samþykktin verður fullgilt

VINNUMARKAÐUR Íslensk stjórnvöld hyggjast fullgilda samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni sem samþykkt var á þingi ILO í júní síðastliðnum.

Samþykktin, sem hefur nú verið þýdd á íslensku, hefur verið sett inn í samráðsgátt stjórnvalda ásamt tilmælum sem felast í nánari ábendingum og tillögum. Frestur til að veita umsagnar er til 11. nóvember.

Með samþykktinni eru lagðar þær skyldur á stjórnvöld og atvinnurekendur að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir hvers kyns ofbeldi og áreitni á vinnustöðum.

Marie Clarke Walker, einn leiðtoga Alþýðusambands Kanada, hélt erindi um samþykktina á #metoo-ráðstefnunni í Hörpu í síðasta mánuði. Clarke Walker, sem sat í samninganefnd ILO, sagði þá við Fréttablaðið að hún vonaðist til að Norðurlöndin yrðu fyrsta svæði heimsins til að fullgilda samþykktina. – sar

Formaður SA hrósaði ríkisstjórninni

KJARAMÁL Ársfundur atvinnulífsins var haldinn í gær í Hörpu. Haldið var upp á 20 ára afmæli Samtaka atvinnulífsins og litid yfir farinn veg. Meðal þeirra sem tóku til máls voru Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður SA, Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Í ávarpi sínu ítrekaði Eyjólfur Árni þá ábyrgð sem fölginn væri í gerð kjarasamninga og að niðurstöður þeirra réðu miklu um

almenna efnahagsþróun í landinu. Eyjólfur sagði núverandi kjarasamninga hins opinbera þrófstein á þróun kjaramála á Íslandi.

Eyþór vék einnig að stjórnmalunum og lýsti yfir ánægju með núverandi ríkisstjórn. „Pólitískur óstöðugleiki birtist hér á landi með þrennum alþingiskosningum á árunum 2013 til 2017. Slíkt veit ekki á gott og leiðir meðal annars til ófyrirsjáanleika um stefnumótun í efnahagsmálum,“ sagði Eyjólfur. „Ég tel að myndun núverandi ríkis-



Eyjólfur Árni formaður ávarpaði gesti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

stjórnar í kjölfar kosninganna fyrir tæpum tveimur árum hafi verið góð niðurstaða eftir þá orrahrið sem á undan fór. „Sagði hann vel hafa tekið til og að stuðningurinn við Lífskjarasamningana skipti miklu máli, sérstaklega lækkun tryggingagjalds og lækkun tekjuskatts.“

Eyjólfur vék einnig að auknu trausti á stofnunum samfélagsins og fyrirtækjum, loftslagsvánni og nýtingu auðlinda sem **FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS** grunni að velferðar-samfélaginu. – khg

Mikil vinna í vændum á þingi

Samgönguráðherra kynnti umfangsmikla jarðgangagerð í endurskoðaðri samgönguáætlun. Varaformaður umhverfis- og samgöngunefndar segir margt að athuga. Titringur er vegna málsins í stjórnarflokknum.

SAMGÖNGUMÁL Ráðist verður í umfangsmestu jarðgangagerð til þessa ef endurskoðun samgönguáætlunar verður að veruleika. Alls ræddi Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra um níu mismunandi jarðgangakosti á blaðamannafundi í Norræna húsinu í gær.

Fram kom á fundinum að til ársins 2034 yrði fé til nýframkvæmda aukið úr 55,7 milljónum í 68 milljarða króna milli áætlana, sem er hækkun upp á 22,5 prósent. Þá verða einnig aukin framlög til viðhalds og þjónustu.


„Verður því hægt að ráðast í framkvæmdir fyrir 214 milljarða á næstu sjö árum, sem eru annars vegar nýjar framkvæmdir eða flýtiframkvæmdir sem eru að koma inn í pakkann,“ sagði Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er titringur innan ríkisstjórnarflokkanna vegna slægrar kynningar Sigurðar Inga á málinu. Lásu bæði ráðherrarnir og stjórnarþingmenn um blaðamannafundinn í fjölmiðlum. Er endurskoðun áætlunarinnar nú inni í samráðsgátt stjórnvalda.

„Mál fara oft inn í samráðsgátt án þess að hafa verið rædd í ríkisstjórn enda oft um að ræða pólitíska sýn ráðherrans,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. Mál taki mjög oft miklum breytingum frá því þau fara í samráð á vefnum þar til þau eru lögð fram á Alþingi, bæði á grundvelli athugasemda sem koma fram eftir opið samráð en einnig eftir umræðu í þingflokkum.

Þegar samgönguáætlun til næstu fimm ára var samþykkt á Alþingi í febrúar síðastliðnum var rætt um að langtímaáætlun í samgöngumálum yrði unnin í samráði. Kom það því flutt upp á stjórnarliða að lesa um

Ráðherra boðar stórar framkvæmdir víða um land



■ Stokkur ■ Göng ■ Endurbætur á vegi ■ Brú

- 1 Miklabraut lögð í stokk
- 2 Breikkun Hvalfjarðarganga
- 3 Endurbætur á vegi yfir Dynjandisheiði
- 4 Göng milli Ísafjarðar og Súðavíkur
- 5 Endurbætur á Vatnsnesvegi
- 6 Göng í Hólmsdal

- 7 Breikkun Múlaganga
- 8 Fjarðarheiðargöng, Miðfjarðar- og Norðfjarðargöng
- 9 Heilsársvegur yfir Öxi
- 10 Göng undir Lónsheiði
- 11 Vegur yfir Hornafjarðarfliót
- 12 Göng í Reynisfjalli
- 13 Ný brú yfir Ölfusá

fyrirhugaða kynningu ráðherra í fjölmiðlum og sjá svo endurskoðaða samgönguáætlun ráðherrans sem hvorki hefur verið rædd í ríkisstjórn né þingflokkum, í samráðsgáttinni.

Þegar kvartað var undan verklagi ráðherra var boðað til fundar með þingmönnum og helstu áherslur í áætluninni stuttlega kynntar. „Það ætti ekki að koma neinum á óvart að skodanir um samgöngumál séu skiptar,“ segir Katrín aðspurð um ólgu í stjórnarflokknum vegna málsins.

Jón Gunnarsson, varaformaður umhverfis- og samgöngunefndar, segir þingmenn hafa fengið 45 mínútna kynningu á endurskoðuðu samgönguáætluninni daginn fyrir blaðamannafundinn. Því gæti hann lítið tjáð sig um innihaldið á þessum tímapunkti.

„Það gafst lítill tími þar til skodanaskipta eða þælinga. Kynningin sem við fengum var í raun sú sama og var kynnt á fundinum,“ segir Jón. „Það er við margt að athuga þarna. Við eigum eftir að stilla þetta saman

Verður því hægt að ráðast í framkvæmdir fyrir 214 milljarða á næstu sjö árum.

Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra



við samgönguáætlunina sem er í gildi og var samþykkt í febrúar.“

Margt þurfi að hafa í huga. „Það sem er nýtt í þessu er höfuðborgarpakkinn og hvernig hann spilar saman við þær gjaldtökuhugmyndir og flýtingu framkvæmda sem við vorum með á samgönguáætluninni úti á landi. Í þeirri áætlun var lagt til að fara hraðar og í meiri uppbyggingu en kemur fram í þessu varðandi uppbyggingu stofnbrauta á borð við Suðurlandsveginn, Reykjanesbrautina og Vesturlandsveginn,“ segir Jón.

„Þarna er boðuð ein mesta jarðgangagerð í sögunni, þegar kemur að þessum göngum fyrir austan. Það er eitt sem þarf að skoða hvernig verður útfært. Svo er Sunda-brautin eitt sem þarf að minna mat á klára samhliða þessum höfuðborgarpakka.“

Býst hann við að málið komi fyrir nefndina um mánaðamót nóvember og desember. „Þetta verður mikil vinna í þinginu, að fara ofan í allar forsendur og skiptingu verkefna.“

arib@frettabladid.is
adalheidur@frettabladid.is

Vilja öflugra eftirlit með lögreglu

STJÓRNSÝSLA Nefnd um eftirlit með lögreglu telur þörf fyrir öflugra eftirlit með lögreglu og völdtækari rannsóknarheimildir en nú er hjá nefndinni. Þetta kemur fram í umsögn nefndarinnar til allsherjar- og menntamálanefndar um þingsályktunartillögu Helga Hrafn Gunnarssonar um sjálfstætt eftirlit með störfum lögreglu.

Í umsögninni segir að það myndi auka slagkraft nefndarinnar verulega „ef bæði lagaheimildir nefndarinnar og starfsumhverfi gerðu það kleift að hjá nefndinni væri starfandi rannsakandi sem kæmi að rannsókn þeirra mála sem nefndin hefði til meðferðar hverju sinni.“

Hlutverk nefndarinnar er að koma kvörtunum undan lögreglu í veiðigandi farveg og eftir atvikum koma með athugasemdir við afgreiðslu og meðferð mála. Nefndin hefur hins vegar engar sjálf-



Nefndin kemur kvörtunum undan lögreglu í farveg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

stæðar rannsóknarheimildir í dag og „getur hvorki beitt lögreglumenn eða lögreglustjóra víðurlögum vegna brota í starfi, né lagt slíkt til við lögreglustjóra sem þeirra yfirmenn“, eins og segir í umsögninni.

Málum hefur fylgjað gríðarlega á þeim þremur árum sem hún hefur starfað. Nefndin fær um 18 milljónir á ári og telur formaður hennar að aukið fé þurfi til.

Nánar á frettabladid.is. – að



Alltaf nóg til af humri hjá Norðanfiski...

STÓRUM HUMRI!!

Hafið samband á nordanfiskur@nordanfiskur.is eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrnvalsi sjávarfangi til veitinga- og stórelðhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakningum í verslunum Bónus um land allt.

nordanfiskur



Tuttugu ára afmæli Samtaka atvinnulífsins

Ársfundur atvinnulífsins var haldinn í Eldborgarsal Hörpu í gær en tuttugu ár eru frá því að Samtök atvinnulífsins voru stofnuð. Margt var um manninn á fundinum og fluttu meðal annars Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður SA, ávörp. Anton Brink, ljósmyndari Fréttablaðsins, festi fundargesti á filmu.



JAGUAR I-PACE

BÍLL ÁRSINS 2020 ER RAFBÍLL



Uppgefin tala um draegi samkvæmt samráðgæmum mælingum WTPL staðalsins

FJÓRHJÓLADRIF, RAFMAGN, 470 KM* DRÆGI, 400 HESTÖFL, LOFTPÚÐAFJÖÐRUN

Bandalag íslenskra bílblaðamanna (BÍBB) hefur tilkynnt niðurstöðu í vali á „Bíl ársins 2020 á Íslandi“. Þrír efstu bílarnir sem kepptu um toppsætið eru allir í flokki sportjeppa. Jaguar I-Pace varð hlutskarpastur með 775 stig. Í öðru sæti var Audi e-Tron með 754 stig og þriðja sætið kom í hlut Mercedes-Benz EQC sem hlaut 714 stig. Það voru einkum framúrskarandi aksturseginnleikar, mikið afl og þægindi I-Pace sem heilluðu dómnefndina og skiluðu Jaguar sportjeppanum í toppsætið.

Verið velkomin að reynsluaka bíl ársins 2020!
Verð frá 9.790.000 kr.

jaguarisland.is

JAGUAR

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500



BÍLL ÁRSINS
2020

SUNSTAR
G·U·M
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.®

Tannlæknar
mæla með
GUM
tannvörum

Mundir þú eftir að
bursta og skola í
morgun?

Fæst í næsta
apóteki og helstu
stórmörkuðum

ARTASAN
www.artasan.is

Partí
eða kósí.

Úrval af pylsum sem passa við stemninguna.

- Ekkert hveiti
- Ekkert soyja
- Enginn sykurl
- Ekkert MSG

Íslenskt kjöt
Íslensk
framleiðsla

Pylsumeistarinn

— við Laugalæk

KRONAN

BÚUM!

Grasker, stór

599 kr. stk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Náði nýjum samningi en þingið verður erfitt

Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, tilkynnti í gær að nýr útgöngusamningur Breta úr Evrópusambandinu væri í höfn. Óvist er hvort hann komi samningnum í gegnum breska þingið á morgun því mjög mjótt er á munum.

BRETLAND Boris Johnson, tilkynnti í gær um nýjan útgöngusamning Breta úr Evrópusambandinu. „Við höfum frábæran nýjan samning sem færir okkur aftur völdin,“ sagði Boris Johnson á Twitter í gær. Vindurinn fór þó aðeins úr seglunum skömmu síðar þegar DUP, flokkur sambandsins á Norður-Írlandi, gaf út yfirlýsingu um að hann styddi ekki samninginn. Johnson hefur fundað stift með Arlene Foster, leiðtoga DUP, í vikunni.

Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sagði samning í höfn eftir ríkan vilja samningsaðila til að leita lausna. Hann hvatti leiðtogaráð Evrópusambandsins til að styðja samkomulagið.

Aðalsamningamaður Evrópusambandsins, Michel Barnier, segir hinn nýja samning sanngjarna mála-miðlun þar sem hagsmunir sambandsríkjanna séu varðir. Barnier bendir á að samningur Johnsons sé í stórum dráttum sá sami og Theresa May gerði fyrir ári. Bretar hafi samþykkt að standa við fjárhagslegar skuldbindingar vegna útgöngunnar úr sambandinu, sem áætlaðar hafa verið um 6.300 milljarðar króna.

Ástæðan fyrir því að DUP getur ekki fellt sig við samninginn er sú að í raun verður Norður-Írland aðskilið tollasvæði frá Bretlandi, þó að orðalagið gefi annað til kynna. Norður-Írland fær í raun sérstöðu, með annan fótinn inni í Evrópusambandinu og annað skattakerfi en í Bretlandi. Til að bæta gráu ofan á svart fyrir DUP hafa bæði Leo Varadkar, forseti Írlands, og höfuðandstæðingarnir í Sinn Féin fagnað samningnum.

Samningurinn verður lagður fyrir breska þingið á morgun og ljóst er að mjög mjótt verður á munum, mun mjórri en í atkvæðagreiðslu um alla þrjá samninga Theresu May, forvera Johnsons.

Jeremy Corbyn, leiðtogi stjórnarandstöðu Verkamannaflokksins, segir þennan nýja samning „enn verri“ en þann sem Theresa May kynnti. Verkamannaflokkurinn vill nýja þjóðaratkvæðagreiðslu til



Allt þarf að ganga upp hjá Johnson á morgun. NORDICPHOTOS/GETTY

Ég myndi frekar vilja frestun og nýjar kosningar en að samþykkja þennan skelfilega Evrópusamning.

Nigel Farage, leiðtogi Brexit-flokksins

að samþykkja eða hafna útgöngusamningnum. Innan Verkamannaflokksins eru þó tæplega 20 þingmenn, úr kjördæmum sem kusu með útgöngu, sem hafa ýjað að því að kjósa með samningi sem Johnson myndi leggja fram. Þeir munu þó ekki setja pólitíska framtíð sína í hættu nema að sjá fram á að vinna.

SNP, skoski þjóðarflokkurinn, leggst alfarið gegn samningnum og segir óréttlátt að Norður-Írland fái sérstaka stöðu en Skotland ekki. Landsþing flokksins var haldið nýlega í Aberdeen og þar sagðist leiðtogi flokksins, Nicola Sturgeon, ætla að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði á næsta ári. Frjálslyndir demókratar eru einnig alfarið mótfallnir samningnum, sem og smærri flokkar.

Sá sem talað hefur hvað harðast gegn samningnum er Nigel Farage, leiðtogi Brexit-flokksins. „Ég myndi frekar vilja frestun og nýjar kosningar en að samþykkja þennan skelfilega Evrópusamning,“ sagði hann.

Johnson þarf þó frekar að hafa áhyggjur af ERG, harðlínunönnunum í Íhaldsflokknum sem eru tæplega 30 talsins því afstaða þeirra hefur oft verið sú sama og DUP.

Ríkisstjórn Johnsons tapaði enn og aftur atkvæðagreiðslum í þinginu í gær, þar sem meðal annars var skýrar kveðið á um að sækja um frekari útgöngufrest. Juncker svaraði blaðamönnum á þá leið að Evrópusambandið myndi ekki veita fresti í ljósi þessa samnings, en stjórnmalaskýrendur og heimildarmenn innan Evrópusambandsins töldu ólíklegt að Evrópusambandið myndi hafna frekari frestun, væri þess óskað.

Bresk fyrirtæki hafa lýst yfir vonbrigðum með samninginn og segja hann verri en þá sem Theresa May bar á borð. Þegar fregnir bárust af samningi reis hins vegar pundið í 1,29 á móti dollar, og hefur það ekki verið hærra í fimm mánuði. Eftir yfirlýsingu DUP seig það hins vegar niður í 1,27.

Kristinnhaukur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Sigursæll borgarstjóri Búdapest ætlar að mynda mótvægi við Viktor Orbán

UNGVERJALAND „Við höfum eytt goðsögninni um að Fidesz sé ósigrandi og þetta hefur gríðarleg áhrif fyrir allt landið,“ sagði Gergely Karacsony, nýr borgarstjóri í Búdapest, í viðtali í gær. Karacsony vann óvæntan sigur í kosningum á sunnudag og lagði Istvan Tarlos að velli, en hann hefur verið borgarstjóri síðan 2010 fyrir Fidesz, harðlínú hægri flokk forsætisráðherrans Viktors Orbán. Alls sigraði stjórnarandstaðan í 10 af 23 stærstu borgunum.

Karacsony, sem tekur við embætti í dag, hefur heitið því að mynda mótvægi við ríkisstjórnina út á við og gagnvart Evrópusambandinu, í samstarfi við Rafal Trzaskowski, hinn frjálslynda borgarstjóra Varsjár. Fidesz og Lög og réttlæti, stjórnarflokkarnir í Ungverjalandi og Póllandi, hafa verið tregir og ógrandi gagnvart Evrópusambandinu á undanförunum árum.

Á fyrsta embættisdegi sínum ætlar Karacsony að senda Orbán bréf um samstarf á ýmsum sviðum.



Gergely Karacsony, nýr borgarstjóri í Búdapest. NORDICPHOTOS/GETTY

Hann segist vilja gott samstarf við ríkisstjórnina en ef sá vilji er ekki gagnkvæmur sé hann ekki hræddur við átök. Í sumum málaflokkum verði honum ekki haggð, svo sem í umhverfismálum og mannréttindamálum.

Fidesz-liðar tóku ósigrinum illa

og hafa þegar hafið rógsherferð gegn Karacsony. Segja þeir að hann hafi unnið kosningarnar á atkvæðum frá útlendingum. Orbán sjálfur hefur hins vegar reynt að gera lítið úr úrslitunum og bendir frekar á kosningatölur í dreifbýlinu þar sem Fidesz gekk betur. — khg

+PLÚS



Nemendur í Háskólanum í Granada á Spáni tóku á móti nýnemum skólans í gær og fögnuðu á sama tíma hátíð heilags Lúkasar, verndara heilsu.




Evo Morales, forseti Bólivíu, stendur frammi fyrir harðri kosningabaráttu þar sem hann berst fyrir endurkjöri sem forseti landsins. Fyrsta umferð forsetakosninganna í Bólivíu fer fram 20. október næstkomandi.



TIME 100 Heilsuráðstefnan var haldin í fyrsta sinn í New York í gær. Um er að ræða ráðstefnu þangað sem hundrað áhrifamestu einstaklingum heims er boðið ásamt fólki sem verið hefur áberandi innan heilbrigðiskerfisins til að ræða mikilvæg sjónarmið um heilsu og hvetja til þverfaglegs samstarfs í átt að heilbrigðari heimi. NORDICPHOTOS/GETTY



Varaborgarstjóri Barcelona, Jaime Asens, Laura Borràs, talskona JxCAT í þinginu, Artur Mas, fyrrverandi forseti Katalóníu, og Cayetana Álvarez de Toledo, talsmaður PP á þinginu, mættu á fund sem haldinn var í spænska þinginu í gær aðeins þremur dögum eftir að Hæstiréttur Spánar dæmdi níu leiðtoga sjálfstæðissinna í Katalóníu til fangelsisvistar.



Unnið var að því að taka niður beinagrind loðfíls í Heissan-safninu í Darmstadt í Þýskalandi í gær. Beinagrindin verður flutt til láns á Smithsonian-safnið í Bandaríkjunum þar sem hún verður til sýnis fyrir almenning.

♥ KAFFI-DAGAR



NESPRESSO CITIZ KAFFIVÉL

- 19 bara brýstingur og Auto-off
- Alsjálfvirk hylkjavél, 1 lítra vatnstankur
- Stillanlegt magn, Lungo eða Espresso

ÁÐUR: 22.995

19.995



NESPRESSO CITIZ AND MILK KAFFIVÉL

- Alsjálfvirk og með 1 lítra vatnstank
- 1260W og 19 bara brýstingur
- Slekkur sjálf á sér eftir 9 mín
- Aeroccino mjólkurflóun

ÁÐUR: 33.990

29.995

GJAFABRÉF FYLGIR ÖLLUM NESPRESSO VÉLUM



MIKIÐ ÚRVAL AF KAFFI Í VERSLUNUM OG Á ELKO.IS

BELMIO KAFFI FYRIR NESPRESSOVÉLAR

- 10 hylki í pk.
- 13 tegundir í boði

ÁÐUR: 619

565



NESCAFÉ F. DOLCE GUSTO KAFFIVÉLAR

- Cappuccino Ice, Choco Caramel, Preludio Intenso, Latte Macchiato Caramel, Americano, Grande Aroma, Grande Intenso, Café au Lait

ÁÐUR: 719

649



DOLCE GUSTO MINIME KAFFIVÉL

- Sjálfvirk 1460W vél m. AUTO-STOPP
- 15 bara brýstingur, 0,8 l tankur
- Val um heita eða kalda drykki
- Tilbúin á 30 sekúndum, Auto-Off 5 mín

ÁÐUR: 9.990

6.990



DOLCE GUSTO ESPERTA KAFFIVÉL

- 1,4 lítra vatnstankur
- Espresso Boost
- Delicate Brew

ÁÐUR: 19.995

17.995

30 DAGA SKILARÉTTUR

Þú hefur 30 daga til að prófa vöruna heima. Ef þér líkar ekki varan getur þú skilað henni og fengið endurgreitt. Sjá skilmála á elko.is.

NESPRESSO KYNNING

Komdu og smakkaðu! Finndu uppáhalds kaffibraugðið þitt með hjálp sérfræðinganna frá Nespresso. Fritt smakk og ráðgjöf milli kl. 13:00 og 16:00.



DELONGHI ESPRESSÓ KAFFIVÉL

- DeLonghi Espresso vél
- Handvirk 15 bara vél með Cappuccino kerfi
- Thermoblock hitakerfi og heitt vatn fyrir te

ÁÐUR: 29.990

24.995



DELONGHI ESPRESSO MAG S KAFFIVÉL

- Alsjálfvirk vél frá baun í bollann
- 15 bór og lagar 1 eða 2 bolla í einu
- Innbyggð hjóllát kaffikvörn

ÁÐUR: 59.990

49.995



DELONGHI ESPRESSO ELETTA KAFFIVÉL

- DeLonghi Eletta Espresso
- DeLonghi Espresso vél
- Stafræn sjálfvirk vél með 2ja línu skjá
- Latte Crema mjólkur- og hreinsikerfi

ÁÐUR: 139.995

119.995

ÉÐA 11.422 KR. Á MÁNUÐI

M.V. 12 MÁN. LÁN Á 12.3% VÖXTUM - ALLS 137.060 KR. - ÁHK 30.15%



DELONGHI KAFFIKVÖRN

- Tekur 120 gr af kaffibaunum
- Stillanlegt magn og gröfleiði
- Mylur baunir fyrir 2 - 12 bolla

ÁÐUR: 7.995

5.995

ELKO



Skiptir máli



Hörður
Áegisson
hordur@frettabladid.is

Lífeyrissjóðirnir sátu fastir á bak við fjármagnshöft í átta ár. Fjárfestingar þeirra einskorðuðust við innlendar eignir og sjóðirnir gegndu lykhillutverki við endurreisn hlutabréfamarkaðarins. Það þurfti því tæpast að koma á óvart þegar losað var um höftin í ársbyrjun 2017 að lífeyrissjóðirnir myndu fara að horfa út fyrir landsteinana – það var nauðsynlegt til að bæta áhættudreifingu í eignasafni þeirra. Sú hefur orðið raunin en erlendar eignir sjóðanna hafa aukist um þriðjung og eru nærri 30 prósentum af heildareignum. Árleg nettó iðgjöld nema um 150 milljörðum og meirihluta þeirra fjármuna, sparnaði landsmanna, er ráðstafað til kaupa á erlendum eignum. Þessi þróun er jákvæð og fyrirséð að hún muni halda áfram.

Þetta hefur hins vegar líka haft áhrag og síðri afleiðingar í för með sér. Lífeyrissjóðirnir eru langsamlega umsvifamestu leikendurnir, með samanlagt um helming allra skráðra hlutabréfa, og á sama tíma og sjóðirnir hafa nánast sagt skilið við markaðinn hafa aðrir – einkafjárfestar, verðbréfasjóðir, erlendir fjárfestar eða almenningur – ekki fyllt upp í skarð þeirra. Niðurstaðan hefur verið fyrirsjáanleg. Það hefur dregið úr virkri stýringu og seljanleiki er mun minni en áður. Þetta veldur því, eins og Hannes Árdal, framkvæmdastjóri Íslenskra fjárfesta, nefndi réttilega í viðtali við Markaðinn í vikunni, að hlutabréfamarkaðurinn er ekki að sinna því hlutverki sínu að vera framsýnn og gefa sem réttastar upplýsingar um verðmyndun fyrirtækja í Kauphöllinni hverju sinni. Þetta er áhyggjuefni.


Hvað er til ráða? Ætli sjóðirnir sér að fjárfesta í stórum stíl erlendis þá skiptir sköpum, ef við viljum viðhalda stöðugleika í fjármagnsflæði til og frá landinu svo ekki myndist of mikill þrýstingur til gengisveikingar, að innlendi markaðurinn sé í lagi. Þar hafa lífeyrissjóðirnir hlutverki að gegna og þeir hljóta að spyrja sig hvað þeir geti gert til að bæta virkni á markaði. Ein mikilvæg forsenda þess að erlendir sjóðir sýni markaðinum áhuga, með tilheyrandi innflæði fjármagns, er að það sé virk verðmyndun og seljanleiki – að öðrum kosti verða fjárfestingar þeirra aðeins hverfandi. Því er ekki fyrir að fara í dag og birtist meðal annars í því að veltan, sem hlutfall af markaðsvirði fyrirtækja, hefur dregist saman og miklar og ýktar sveiflur einkenna markaðinn. Það eru ekki hagsmunir stærstu eigenda fyrirtækja í Kauphöllinni að slík staða verði viðvarandi.

Fáir deila líklega um vandann. Fyrir stjórnvöld er augljóst hvað þau geta gert. Sem fyrsta skref væri nærtækast að heimila landsmönnum að ráðstafa sér-eignarsparnaði sínum til virkra verðbréfasjóða sem væri til þess fallið að auka skodanaskipti á markaði. Heilbrigður og öflugur hlutabréfamarkaður, sem veitir upplýsingar um gang mála í hagkerfinu hverju sinni og er þá um leið grunnur að viðskiptum á öðrum eignamörkuðum, skiptir hagsmuni almennings máli. Hættan er hins vegar sú að stórir hluthafar fyrirtækja, sem fullyrða má að eru hugsi yfir stöðunni, sjái ekki lengur hagsmun borgið í því að vera í Kauphöllinni og muni því sækjast eftir afskráningu á markaði. Með sama framhaldi er einsýnt að sú verður niðurstaðan.



Það eru ekki hagsmunir stærstu eigenda fyrirtækja í Kauphöllinni að slík staða verði viðvarandi.

Halldór



Frá degi til dags

Undnar íslenskar gólfustur
Hörður Kristjánsson, ritstjóri Bændablaðsins sem rekur ásamt Útvarpi Sögu og Morgunblaðinu harða Miðflokkspólitik, sér svartnættið í útlöndum og útlensku auðvaldi. Í síðasta leiðara segir Hörður: „Það blasir við að haldi þessi þróun áfram mun íslenskur almenningur standa eftir sem leiguliðar fjárfesta í landi sem eitt sinn taldist vera eign íslensku þjóðarinnar. Fjárfestar munu þá hafa hér bæði tögl og hagdir ... Eins og undnar gólfustur á þvottasnúru og þorum hvorki að æmta né skræmta. Fjárfestarnir munu jú eiga allar klemmurnar sem halda okkur uppi.“

Orðanotkunarmálið
Orðanotkunarmálið vatt hratt upp á sig í gær, frá mýflugu yfir í úlfalda og loks búrhveli. Það byrjaði allt með pistli Áslaugar Örnú dómismálaráðherra sem Hildi Lilliendahl, Sóleyju Tómasdóttur og Maríu Lilju Þrastardóttur þótti okkara-lægur í orðanotkun. Inn í þetta komu síðan Erna Yr Óldudóttir og Líf Magneudóttir. Um tíma var málið orðið óbarilegra en kvikmyndin Festen. Sérstök voru orð Maríu Lilju á Twitter: „Áslaug Arna er ekki útlensk, fátæk eða úr blokk í Fellunum.“ Inn í umræðuna mætti draga Lilju Alfreðsdóttur sem ólst jú upp í hinum vafasömu Fellum. kristinnhaukur@frettabladid.is

Samráð gegn sundrunu



Kolbeinn Öttarsson Proppé
Þingmaður
Vinstri grænna

Sundrung einkennir stjórnsmál og samfélög um allan heim í æ meiri mæli. Við virðumst eiga æ erfiðara með að setjast yfir málin, hlusta á sjónarmið annarra og reyna að ná saman um lausnina. Á sama tíma flæða yfir okkur upplýsingar af ýmsum toga, ýmist sannar, hálf sannar eða hrein og klár lygi og skrumskæling og oft og tíðum erfið að greina á milli. Bergsmálshellir samfélagsmiðlanna veldur því svo að við sjáum oftar en ekki aðeins það sem við viljum sjá og ef annað slæðist með úthrópum við það með gífurlyrum.

Ríkisstjórn Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er þannig skipuð að hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana, frá vinstri til hægri yfir miðjuna. Skipanin er óvenjuleg og um margt söguleg, en byggir á því að ólík sjónarmið nái saman og skapi sátt um löngu tímabæra uppbyggingu í samfélaginu. Að kannski sé betra að reyna að ná saman um mál en að óskra hvert á annað á netinu.

Katrín Jakobsdóttir hefur sýnt það sem forsætisráðherra að henni er lagið að leiða fram góð mál. Við í Vinstri grænum getum verið stolt af því hvernig hún hefur komið málum hreyfingar okkar í framkvæmd. Það hefur tekist með samtali og samvinnu við samstarfsflokka og aðra flokka. Þá hefur framgang hennar og áherslur á alþjóðavettvangi vakið athygli um allan heim.

Landsfundur Vinstri grænna hefst í dag. Þar gefst gott tækifæri til að fara yfir stöðu hreyfingarinnar, þau mál sem við höfum komið á dagskrá og í framkvæmd og hvert við viljum stefna. Það samtali, á miðju kjörtímabili, verður hollt og uppbyggilegt fyrir áframhaldandi starf. Framtíð Vinstri grænna undir forystu Katrínar Jakobsdóttur er björt.

Samráð vinnur gegn sundrunu. Sjaldan hafa þessi sannindi verið jafn mikilvæg og í þeim flókna nútíma sem við lifum nú um stundir.



Katrín Jakobsdóttir hefur sýnt það sem forsætisráðherra að henni er lagið að leiða fram góð mál.

Varmadælar & loftkæling



Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægur slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Virkar niður í -30°C

Verð frá aðeins
kr. 145.000 m.vsk

Midea KMB-E09

Max 3,4 kW

2,65 kW við -7° úti og
20° inni hita (COP 2,85)

f. íbúð ca 40m².

Umhverfisvænn
kælimiðill



Wifi búnaður fylgir með öllum varmadælum meðan birgðir endast

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

Spegill, spegill herm þú mér

Í DAG



Þorbjörg
Sigríður
Gunnarsdóttir

Bretland er á hliðinni og þjóðin klofin í herðar niður. Það er ekki Brexit og yfirvofandi lyfjaskortur í landinu sem veldur. Það er ekki heldur hræðilegur stríðsrekstur úti í heimi þar sem lítil börn eru sprengd upp sem framkallar bræðina. Og ekki heldur er það klassísk átakalínan í höllinni, nú milli Meghan og Kate, sem fólk deilir um.

Bretland er á hliðinni vegna Instagram-stríðs eiginkvenna tveggja fótoltamanna. Deilan snýst um upplýsingaleka af Instagram-reikningi Coleen Rooney, eiginkonu Wayne Rooney. Sem áhrifavaldur birtir Coleen þar myndir og pælingar, uppskriftir og mjúkt klám og uppsker mikið lof fyrir. Eins og áhrifavalda er síður er þar að finna fjölmargar og ritstýrðar myndir af rassinum á henni, og það þótt rassinn virðist reyndar bara mikill miðlungsrass.

Enda eru ekki einu sinni fótoltamenn á Englandi myndarlegir og konurnar þeirra þar af leiðandi kannski ekki heldur.

Instagram-stríðið

Alltaf hvíldi þó einhver skuggi yfir Instagram-síðunni og Coleen hafði lengi vikið frá sér óþægilegum hugsunum. Hana grunaði að svikari leyndist í samfélagi hennar á Instagram og með tímanum hafði ónotatilfinning hennar vaxið og orðið að grunsemdum. Grunsemdirnar blómguðust og sá tími kom að þær urðu að rannsókn og tálbeituadgerð. Þegar svo var komið mátti Coleen búa við það að færslur hennar á Instagram enduðu reglulega í The Sun. Gat verið að á meðal vina hennar væri svikari sem lak færslum hennar í fjölmiðla?

Coleen brást hárrétt við í erfiðri stöðu. Sem áhrifavaldur með sjálfsvirðingu setti hún út falsfréttir mánuðum saman til að svæla svikarann út. Í þaulhugsaðri tálbeituadgerðinni fíkraði hún sig smátt og smátt áfram. Í rannsóknnum telur auðvitað ekkert eins og að kunna þá list að biða. Hún fækkaði smátt og smátt í hópi viðtakenda (án þeirra vitneskju) til þess að hafa uppi á kjaftaskinum. Fréttirnar voru meðal annars af því að Rooney-hjónin væru í Mexíkó í svokallaðri „baby gender selection treatment“, aðrar af því að hún væri með sjónvarpsþátt í bigerð og loks fréttir af því að kjallarinn í húsi þeirra hjóna læki.

Að lokum stóð aðeins einn aðili eftir eftir og færsla sem aðeins hún sá rataði í fjölmiðla. Coleen upplýsti ekki aðeins um svikin heldur einnig um það að svikarinn væri Rebekah Vardy. Vardy er eiginkona Jamie Vardy, en maður hennar hefur rétt eins og maður Coleen verið landsliðsmaður. Málið varðar því þjóðarhagsmunum.

Vardy hefur að visu neitað sök og hefur ráðið til sín sérfræðinga í netranssóknnum. Fréttatilkynningar hennar bera með sér að vörn hennar byggji á því að Instagram-reikningur hennar sé hafður fyrir rangri sök. Þung orð hafa fallið um svik Rebekah Vardy sem hefur þurft að greiða makleg málagjöld fyrir syndir sínar með því að sæta dynjandi skömmum og niðskap á netinu. Almanna-tenglar hafa borist á banaspijótum en sem stendur er staða Vardy nokkuð þröng. Þetta mál ætlar að reynast henni brekka. Coleen er aftur á móti ný þjóðhetja og breska pressan metur stöðu hennar á pari við stöðu Hugh Grant í Love Actually þegar breski forsætisráðherrann lét bandaríska forsetann heyra það.

Þrátt fyrir að breska leka-málið teljist nú upplýst skilur þessi nútímaharmleikur eftir sig spurningar.

WAGatha Christie

Svarið við spurningunni um hvort svikari leyndist meðal vina var eins og í öllum alvöru harmleikjum vitaskuld, já. Auðvitað



var svikari. Það er alltaf svikari. Skellurinn veldur því að breska þjóðin skilur að nú þarf að fara fram sársaukafullt uppgjör. Eiginkonur og kærustur fótoltamanna í Bretlandi (wives and girlfriends) eru kallaðar WAG'S og Coleen hefur með listilegri tálbeituadgerð sinni fengið titilinn WAGatha Christie.

Breskir fjölmiðlar hafa undanfarna daga um ekkert annað mál fjallað. Þeir hafa rækt hlutverk sitt af alúð og sagt þjóðinni allt og meira til um málið. Önnur mál biða. Leikarar í öðrum harmleikjum heimsins verða að þjást og deyjja í kyrrþey á meðan.

Saga fótoltaeiginkvennanna er

kannski grískur harmleikur okkar daga, þar sem svik komast upp um síðir, hér með því að söguhetjan felur sig bakvið gluggatjöld og heyrir ráðabruggið. Coleen heyrði svikarana hvílast á um launráð og svældi svikarann út.

Auðvitað er þessi harmleikur dálítið sniðugur og mätulega dramatískur og ég játa að ég hef fylgst vandræðalega mikið með málinu. Það er eitthvað við furðuleg bresk hneykslismál sem lokkar og kitlar. Instagram-sagan er vissulega saga svika, uppgjöra og að lokum sigurs. En hún er líka spegill þjóðar. „Sýndu mér fræga fólkið þitt og ég skal segja þér hver þjóðin er.“

NÝR BMW X1



Sheer Driving Pleasure



Nýr og sportlegri framendi með áberandi BMW einkennum í ljósum og grilli. Afturendinn hefur einnig fengið ný afturljós sem setja fallegan svip. Sparneytin 2ja lítra dísilvélin með 8 gíra sjálfskiptingu notar einungis 5,8 l á hverja 100 km samkvæmt nýjum WLTP viðmiðunareglum. Vertu með þeim fyrstu að koma og upplifa alvöru BMW aksturseginnleika og þægindi með því að reynsluaka nýjum fjórhjóladrifnum BMW X1.

BMW X1 xDrive 18d. Verð frá: 6.590.000 kr.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



AMERÍSKIR DAGAR



Amerískt morgunkorn
Kíktu á úrvalið!

★ NÝTT ★



M&M's Salted Caramel

399 kr/pk

★ NÝTT ★



Oreo cookies 'n cream og
Hershey's súkkulaðiþúðingur

399 kr/pk

★ NÝTT ★



Sweet Heat Skittles

279 kr/pk

★ NÝTT ★



Reese's og Hershey's rjómi

899 kr/stk

★ NÝTT ★



Hvort ert þú Crunchy,
Puff eða Flamin' Hot

verð frá 649 kr/pk



Chiquita bananabrauðblanda

599 kr/pk

Tilboð gilda til 20. október á meðan birgðir endast.



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni



699 kr/kg

Verð áður 1.299.-

**ELDUÐ GRÍSARIF
Í BBQ SÓSU**

TILBOÐ
25%
afsláttur



3.899 kr/kg

Verð áður 5.199.-

NAUTA RIBEYE

TILBOÐ
10%
afsláttur



6.119 kr/kg

Verð áður 6.799.-

NAUTALUNDIR

TILBOÐ
20%
afsláttur



399 kr/pk*

Verð áður 499.-

**SMASH STYLE
HAMBORGARAR**
*2x100 g



Ferskar
tortillur

Maria and Ricardo's
10 tegundir af ferskum tortillum,
3 mismunandi stærðir

verð frá **449** kr/pk

★ NÝTT ★



Lillies BBQ
Ekta new Orleans BBQ sósur

999 kr/stk



Fulleldaðir grillleggir
frá Stjörnugrís

599 kr/kg

verð áður 1.998 kr/kg

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

Ráðist á mótmælenda við heimilið

Fjöldamótmælin sem standa yfir í sjálfstjórnarhéraðinu Hong Kong hafa áhrif á alla anga þjóðfélagsins, þar á meðal íþróttalífið. Mótmælin hófust í júní og átökin sem brutust út milli mótmælenda og lögreglunnar í kjölfarið hafa stigmagnast síðustu vikurnar.

FÓTBOLTI Þorlákur Árnason er yfirmaður knattspyrnumála í Hong Kong og aðstoðarþjálfari karlandsliðs þjóðarinnar. Hann segir mótmælin hafa nánast lamað allt starf knattspyrnusambandsins síðustu vikurnar. Þorlákur varð vitni að líkamsárás fyrir utan heimili sitt um síðustu helgi og þarf hann að mæta til skýrslutöku vegna þess á næstu dögum.

Mótmælin spruttu upp eftir að frumvarp um framsal refsifanga til Kína var lagt fram á löggjafarþingi Hong Kong. Eftir að frumvarpið var lagt fram var ríkisstofnunum landsins lokað vegna óeirðanna sem framlagning frumvarpsins skapaði og löggjafarþinginu frestað.

„Það má segja að síðustu þrjá mánuði hafi mótmælin haft áhrif á fótboltann í heild sinni í landinu. Við byrjuðum á að fresta æfingum í knattspyrnuskólum og svæðisæfingum sem við sjáum um. Þetta hefur svo þróast í þá átt að öllum æfingum og leikjum í öllum flokkum hefur verið frestað síðustu tvær helgar og ég býst við því að slíkt muni gerast aftur um komandi helgi,“ segir Þorlákur í samtali við Fréttablaðið um stöðu mála í knattspyrnunni í Hong Kong.

„Þetta hefur svo þau áhrif á A-landsliðið okkar að margar þjóðir hafa hafnað því að koma til Hong Kong síðustu mánuðina til þess að spila landsleiki við okkur. Þetta hefur því haft viðtæk hamlandi áhrif á knattspyrnuna í landinu og það sér ekki fyrir endann á þessu ástandi þannig að það er ómögulegt að segja hvenær hlutirnir komast í eðlilegt horf á nýjan leik,“ segir Þorlákur enn fremur um áhrifin sem mótmælin hafa á starf hans.

Þarf að mæta í skýrslutöku vegna líkamsárásar

Á afmælisdegi Alþýðulýðveldisins Kína voru skipulögð mótmæli til að draga athyglina frá hersýningu sem haldin var í Peking á sama tíma. Þar var mótmælendi skotin í bringuna og fluttur á sjúkrahús og fleiri fluttir á sjúkrahús vegna ýmissa áverka. Margir þátttakend-



Mótmælendur í Hong Kong krefjast lýðræðislegra umbóta í héraðinu og vilja sporna við afskiptum Kínverja af stjórn þess. NORDICPHOTOS/GETTY

Skattskrár vegna álagningar 2018 (tekjur ársins 2017) og virðisaukaskattskrár vegna tekjuársins 2017 verða lagðar fram 18. október 2019

Skrárnar, sem sýna álagða skatta og gjöld á gjaldendur í hverju sveitarfélagi, eru lagðar fram á viðkomandi starfsstöðvum ríkisskattstjóra eða á sérstaklega auglýstum stöðum dagana 18. október til og með 1. nóvember 2019. Framlagning skattskráa er samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 og 46. gr. laga nr. 50/1988.

18. október 2019

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Á sunnudaginn síðastliðinn var lögreglumaður sem dulbúinn var sem mótmælendi barinn illa fyrir utan heimili mitt. Ég kom að þessu og þarf að mæta í skýrslutöku á næstunni.

Þorlákur Árnason



ur í fyrri mótmælum ársins höfðu hulið andlit sín til að forðast að kínversk stjórnvöld leitugu hefnda gegn þeim. Þann 4. október virkj- aði Carrie Lam, stjórnarformaður heimastjórnar Hong Kong, gömul neyðarlög frá tímum nýlendu- stjórnar Breta og bannaði Hong Kong-búum að bera grímur.

„Þetta hefur líka áhrif á dag- legt líf hjá mér, sérstaklega síðustu vikurnar þar sem mótmælendur ganga mun skipulegar og vask- legar til verks en í upphafi mótmæl- anna. Loka hefur þurft mörgum

lestarstöðvum og búðum vegna skemmdarverka.

Á sunnudagskvöldið síðastliðinn var lögreglumaður sem var dulbúinn sem mótmælendi barinn illa fyrir utan heimili mitt. Ég kom að þessu og þarf að mæta í skýrslutöku á næstunni. Þannig að ástandið hefur áhrif á líf allra og því miður er ekkert sem bendir til þess að þetta muni batna á næstunni,“ segir hann um upplifun sína af mótmælunum og framhaldinu í landinu.

Tilraunir Lam til að sefa mótmæl- endur með því að draga frumvarpið til baka hafa ekki dugað til. Mótmælin hafa haldið áfram og beinast að kröfu um úrbætur á samfélags- legum þáttum á borð við mannrétt- ind, málfrelsi og kynfrelsi.

Mótmælendur telja frumvarpið ganga gegn yfirlýstri stefnu um að Hong Kong fái að viðhalda eigin stjórn, stjórnarháttum og lagakerfi sem lagt var upp með þegar borgin komst undir kínverska stjórn árið 1997. Þeir fara fram á óháða rann- sókn á framgöngu lögreglu, sakar- uppgjöf þeirra sem handteknir hafa verið í mótmælunum og að stjórn- völd í Kína hafi ekki frekari afskipti af kosningum í Hong Kong.

hjorvaro@frettabladid.is



FÖSTUDAGUR 18. OKTÓBER 2019

Lífsstíll

Vinnur við að leika sér

Björn Thoroddsen stendur fyrir gítarhátíð í Bæjarbíói 2. nóvember. Allar sólóplötur hans eru nú komnar á Spotify og sveit hans var að gefa út lag. ➔2



Björn segir að ferill hans hafi verið næstum bein braut upp á við og þakkar gríðarlegum áhuga sínum þetta góða gengi.

Allir þurfa
D-VÍTAMÍN



Munnúði tryggir
hámarksupptöku

3ja
mánaða
skammtur

Fæst í apotekum, heilsubúðum, heilsuhillum verslana

NJÓTTU HAUSTSINS BETUR
MEÐ MARKÍSUM OG HITURUM FRÁ SEGLAGERÐINNI



KYNNTU ÞÉR
MÁLIÐ!



SEGLAGERÐIN

Eyjarslóð 5 // 101 Reykjavík

www.seglagerdin.is

Oddur Freyr
Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

Gítarhátíð Björns Thoroddsen, Guitarama, verður haldin í Bæjarbíói í Hafnarfirði 2. nóvember næstkomandi. Þar verða gítarleikarar sem Björn hefur sérvalið, ásamt hljómsveit hans, og til stendur að spila uppáhaldslög Björns frá því hann hóf ferilinn, auk þess að segja léttar sögur. Ekki nóg með það, Björn er líka nýbúinn að gefa út lag með hljómsveit sinni og allar hljómplötur hans voru að koma inn á Spotify fyrir stuttu, svo aðáendur gítarleikarans geta svo sannarlega glaðst.

Björn hefur verið gítarleikari næstum allt sitt líf. „Ég er búinn að spila frá því ég var 11 ára og konan mín segir að frá því að hún kynntist mér hafi ég örugglega spilað á gítar í fjórar klukkustundir á hverjum einasta degi,“ segir Björn. „Ég fór í tónlistarnám í Musician's Institute í Los Angeles og útskrifaðist þaðan 1982, en það vildi svo skemmtilega til að á síðasta ári var mér boðið að koma aftur og flytja fyrirlestur við brautskráningu nemenda þar, sem var rosalega mikill heiður. Eftir námið fór ýmislegt að gerast, ég fór að gera plötur sem gengu vel og síðustu tuttugu árin hef ég spilað mikið í Bandaríkjunum og Kanada.“

Gítarveisla sem fer aftur í ræturnar

„Guitarama byrjaði upprunalega sem gítarsýning þar sem ég bauð gítarleikurum að koma og spila með mér sín óskálög,“ segir Björn. „Ég hef gert þetta í 12 ár og þetta hefur þróast frá því að vera ein-göngu djassgítarleikarar yfir í að vera tónleikar með alls kyns tónlist, en mestmegnis popp og rokk.“

Ég hef haldið þetta á Íslandi, í mörgum borgum Kanada og Bandaríkjanna og í Noregi og býð alltaf tónlistarmönnum frá staðnum þar sem tónleikarnir fara fram að taka þátt, en ég hef líka einstaka sinnum tekið íslenska gítarleikara með,“ segir Björn. „Ég held að þetta sé skemmtilegt, andinn er léttur og það er gert grín að mér og hinum gítarleikurum. Ég ætla líka að segja sögur af okkur, helst hrakfallasögur.“

Ég er fæddur og uppalinn í Hafnarfirði, en þetta er í fyrsta skipti sem Guitarama er haldið þar. Það má eiginlega segja að ég sé að fara aftur í ræturnar,“ segir Björn. „Ég ætla að vera þarna með mínum uppáhalds hafnfirsku gítarleikurum, ásamt hljómsveitinni minni, sem ég er ofsalega stoltur af, og við ætlum að fara yfir óskálöginn mín



Það er fjölbreyttur hópur frábærra listamanna sem kemur fram með Birni á Guitarama. MYNDIR/LÁRUS KARL INGASON

Ég er fæddur og uppalinn í Hafnarfirði, en þetta er í fyrsta skipti sem Guitarama er haldið þar. Það má eiginlega segja að ég sé að fara aftur í ræturnar.

frá því að ég byrjaði, þó það verði reyndar samráð um lagaval.“

Hefur enn þá áhuga og gaman af þessu

Björn hefur gefið út fjöldann allan af hljómplötum, sem eru nú aðgengilegar á Spotify. En hvað kemur til að hann hefur verið svo afkastamikill?

„Ég veit það ekki. Þetta er bara svo rosalega gaman. Enda hef ég aldrei unnið neitt, ég hef bara verið í þessu,“ segir Björn. „Ég gaf út mína fyrstu sólplötu rétt rúmlega tvítugur og hún gekk rosalega vel. Þá fylltist ég bara eldmóði og hélt áfram. Nú hef ég gert fullt af plötum bæði í Bandaríkjunum og



Björn er hluti af Hljómsveit Unnar Birnu, sem var að gefa út sitt fyrsta lag.

Kanada og er kominn á samning hjá útgáfufyrirtæki hjá einum af toppgítarleikurum Bandaríkjanna. Þrátt fyrir einhver hliðarspor hefur ferillinn minn eiginlega verið bein braut upp á við.“

Björn þakkar gríðarlegum áhuga fyrir þetta góða gengi. „Ég hef enn þá ofboðslega gaman af þessu og gríðarlegan áhuga og spila mikið á hverjum einasta degi, eins og ég sagði áðan,“ segir Björn. „En auðvitað þakka ég mikið fyrir að fá að vinna við þetta, að atvinnan sé að leika sér.“

Samstarf með Unni Birnu small

Björn er að spila með Hljómsveit Unnar Birnu. Þau koma fram á Guitarama og voru að gefa út lag fyrir skömmu. „Ég og Unnur höfum spilað saman í um tvö ár, en það er tæpt ár síðan við stofnuðum sveit,“ segir Björn. „Unnur er miklu yngri en ég en hún hefur samt verið að hlusta á svipaða tónlist og ég var að hlusta á þegar ég var unglingur. Svo hefur hún verið

að spila með Jethro Tull um allan heim, sem er ein af þeim sveitum sem ég var að hlusta á í gamla daga.“

Það var eiginlega hálfgerð tilviljun að við skyldum spila saman en þó að við hefðum ekkert æft small það ótrúlega vel saman,“ segir Björn. „Hún er ótrúlega hæfileikarík og það er bara tímaspursmál hvenær hún verður stjarna.“

Við vorum að gefa út fyrsta lagið okkar, en það er ábreiða af laginu Mother Goose eftir Jethro Tull,“ segir Björn. „Þetta er lag sem ég hlustaði á sem smápolli og langaði alltaf að læra. Unnur hefur verið að spila það með Jethro Tull og við fengum leyfi hjá Ian Anderson til að taka það upp, þar sem það er í uppáhaldi hjá okkur báðum. Ég er mjög ánægður með útkomuna. Við förum okkar leiðir en lagið þekktist. Það heyrst örugglega á útvarpsstöðvunum á næstunni.“

Spila, ferðast, spila

Björn segir að lífið snúist um að spila, ferðast og að undirbúa sig fyrir að spila. „En ég er líka fjöl-

skyldumaður og hangi mikið með börnunum mínum og barnabörnunum,“ segir hann. „Líf mitt er hefðbundið en mikið tengt tónlist. Ég bý í Kópavogi en hef mikið verið að ferðast undanfarin 20 ár.“

Björn var staddur á bókamessu í Frankfurt í Þýskalandi þegar blaðamaður náði tali af honum. „Hljómsveit sem ég er í, Guitar Islancio, er að fara að gefa út bók með íslenskum þjóðlögum sem við erum að kynna,“ segir hann. „Við erum hér í góðum félagskap íslenskra bókaútgefenda og spiluðum í gær og gerum það aftur í dag.“

Bókin heitir „Íslensk þjóðlög“ og í henni eru þjóðlög sem við höfum spilað gegnum árin, með nótum og textum á ensku, þýsku og íslensku,“ segir Björn. „Við höfum fengið góðar viðtökur og það verður gaman að sjá hvernig bókinni farnast.“

Miðar á Guitarama Björns Thoroddsen eru fánlegir á midi.is.

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA



Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjóska og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA. Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Jónhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhanna Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is, s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Endurhæfing

FÖSTUDAGUR 18. OKTÓBER 2019



Gyða Rán Árnadóttir sjúkráþjálfari, Oddfríður Ingadóttir ljósberi og Helga Jóna Sigurðardóttir, iðjuþjálfri hjá Ljósinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fagleg og heildræn þjónusta í heimilislegu andrúmslofti

Ljósir hefur að markmiði að efla lífsgæði fólks með krabbamein. Boðið er upp á sjúkra-, iðju- og markþjálfun, sálfræðiviðtöl, næringarráðgjöf og fleira. Áhersla er á þverfaglega vinnu og fólk er hvatt til að nýta sér þjónustu á fleiri stöðum ef Ljósir getur ekki sinnt öllum þeirra þörfum. ➔2

Framhald af forsiðu →

Þegar fólk kemur í Ljósíð í endurhæfingu þá byrjar það á því að fá viðtal við iðjuþjálfara og sjúkraþjálfara. Helga Jóna Sigurðardóttir, iðjuþjálfari og fjölskyldumeðferðarfræðingur hjá Ljósínu, segir að iðjuþjálfar hafi sérþekkingu í að líta á daglega iðju mannsins.

„Við sérhæfum okkur í því sem fólk innir af hendi í daglegu lífi til að annast sig og vinna ýmis störf sem nýttast samfélaginu og njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða. Margir líta á endurhæfingu sem eitthvað sem er bara líkamlegt, en heilsan er metin út frá líkamlegum, sálrænum og félagslegum þáttum. Við leggjum mikla áherslu á að endurhæfa líka sálfélagslega þætti eins og að vinna úr tilfinningum, taka þátt í félagslegum samskiptum og skipuleggja og móta sitt líf,“ segir Helga Jóna.

„Þegar manneskjan er heilbrigð þá sinnir hún vel öllum sínum hlutverkum eins og móður- eða föðurhlutverkinu, vinnunni eða öðru. En þegar fólk greinist er svölitið eins og það missi fótanna, það nær ekki að sinna öllu eins og áður og færnin skertist. Fólk er allt í einu komið í nýtt hlutverk. Hlutverk sjúklings sem þú kannt ekkert á. Það er alveg skiljanlegt enda færðu enga handbók um það. Við bjóðum upp á mörg og fjölbreytt námskeið með áherslu á fræðslu frá fagaðilum og umræður með jafningjum, sem hjálpa til við að efla heilsuna og þar af leiðandi lífsgæðin“, segir Helga Jóna.

Ljósíð býður einnig upp á fjölskylduráðgjöf. Helga Jóna segir fjölskylduráðgjöfina leggja áherslu á að vandi einstaklingsins hefur áhrif á alla fjölskylduna. „Við lítum á okkur sem fjölskylduhús, svo við sinnum bæði þeim veika og fjölskyldumeðlimum. Ljósíð býður upp á aðstandendaviðtöl sem fólk getur komið í sem einstaklingar eða fjölskyldan í heild. Við erum líka með aðstandendanámskeið sem eru sérsníðin bæði fyrir fullorðna og fyrir börn frá sex ára aldri,“ segir Helga Jóna.

Ýmis hreyfiúrræði

Gyða Rán Árnadóttir, sjúkraþjálfari hjá Ljósínu, segir að markmiðið með líkamlegri endurhæfingu hjá þeim sé að draga úr neikvæðum áhrifum sem fylgja krabbameini og krabbameinsmeðferð. „Við hjálpum fólki að byggja upp fyrri getu eins og hægt er og tryggjum þannig að einstaklingurinn hafi sjálfstæði í sinni heilsu og þörfum.“

Hjá Ljósínu starfa sex sjúkraþjálfarar og tveir íþróttarfræðingar. Ljósíð býður að mestu leyti upp á hóþjálfun en allir fá þó einstaklingsmiðaða endurhæfingaráætlun. „Við bjóðum upp á alls konar leikfimi og hreyfiúrræði,“ segir Gyða Rán. „Krabbamein getur verið svo mismunandi og hver og einn er á öllum stöðum í meðferðarferli og með mismikla hreyfigetu.“

Það er mikilvægt fyrir krabbameinssjúklinga að stunda bæði þolþjálfun og styrktarþjálfun. Ljósíð er með bæði kvannahópa og karlahópa þrisvar sinnum í viku. Einnig er boðið upp á jafnvægis-tíma, jógatíma og gönguferðir í nágrenni Ljóssins.

„Við vinnum líka í samstarfi við Hreyfingu í Glæsibæ. Þar erum við að bjóða upp á þol- og styrktartíma sem eru fyrir þá sem eru aðeins lengra komnir í sinni endurhæfingu eða hafa alltaf verið mjög virkir og þurfa meira krefjandi þjálfun. Þar eru opnir tímar fyrir alla aldurshópa og sérhópar fyrir ungt fólk á aldrinum 20-45 ára. Því maður finnur að það þarf oft öðruvísi áherslur hjá yngri fólkinu,“ segir Gyða Rán.

Hjá Ljósínu er einnig boðið



Í Ljósínu er heimilislegt andrúmsloft og þar má hafa gaman.



Matti Ósvald Stefánsson, markþjálfari hjá Ljósínu, hjálpar fólki að koma út úr meðferð sem sterkari manneskjur. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON BRINK

upp á líkamsmælingar í sérstöku tæki þar sem fólk getur séð hvernig hlutföll vöðva og vökva í líkamanum skiptast. „Við notum mælingarnar við að fylgjast með hvernig líkaminn fer í gegnum krabbameinsferlið. En krabbameinsmeðferð getur haft mikil áhrif á fólk,“ segir Gyða Rán.

Umbreytingartímabil

Matti Ósvald Stefánsson markþjálfari segir að áherslur í markþjálfun hjá Ljósínu séu svölitið öðruvísi en annars staðar. „Það er áfall að greinast. Fólk lendir oft í því að hugsa ekki skýrt og sjá ekki möguleika. En það versta sem fólk gerir er að stoppa og gera ekki það sem það getur. Markþjálfun snýst um að hjálpa fólki að hlusta á sjálf sig og finna hvað er mikilvægt fyrir það og hvaða skref það þarf að taka til að komast þangað. Hjá krabbameinssjúklingum snýst hún oft um að reyna að komast aftur til fyrri sjálfs, ná heilsu aftur og jafnvel ná einhverri færni upp á nýtt.“

„Það kemur fyrir að ég spyrji fólk í Ljósínu hvort það væri tilbúið að fara til baka í nákvæmlega sama líf og það lífið áður en það greindist en man ekki til þess að neinn hafi svarað því játandi,“ segir Matti. „Þegar fólk veikist byrjar það



að endurhugsa líf sitt og hvað er mikilvægt. Þetta er umbreytingartímabil og ég geri allt sem ég get til að aðstoða fólk áfram svo það komi jafnvel út úr krabbameinsmeðferðinni ekki bara reynslunni ríkara heldur sterkari manneskjur með skýrari áttavita.“

Matti nefnir að honum finnst ánægjulegt að karlmenn jafnt sem konur sækja Ljósíð. En framan af voru þar konur í miklum meirihluta. „Okkur hefur tekist að fá karlmennina inn og stundum eru fleiri karlmenn en konur í húsinu. Okkur hefur tekist að bjóða upp á endurhæfingu á þeirra forsendum. En þó konur og karlar séu vissulega lík á margan hátt er einhver munur á því hvað karlmenn þurfa til að vera tilbúnir að koma.“

Í Ljósínu eru fræðslufundir fyrir karlmenn sérstaklega þar sem kemur fagfólk og fólk sem talar af eigin reynslu um sjúkdóminn. „Það er virkilega mikilvægt fyrir karlmenn að geta mætt og deilt reynslu sinni með öðrum karlmönnum,“ segir Matti.

Mín gæfuspor í ferlinu

Oddfríður Ingvadóttir greindist

með brjóstkrabbamein í júní árið 2018. Upphaflega ætlaði hún bara að klára þetta krabbamein, eins og hún orðar það, og halda svo áfram með líf sitt. Hún ætlaði ekki að koma nálægt svona stöðum eins og Ljósínu því hún hélt að það myndi bara minna hana á veikindin.

„En svo var ég bara komin á fætur fyrir klukkan 10 á morgnana og allur dagurinn eftir og ég hugsaði bara hvað geri ég núna,“ segir Oddfríður.

Hún ákvað því að hringja í Ljósíð og athuga hvort hún mætti koma í tækjasalinn þar. Henni var sagt að fyrst þyrfti hún tíma hjá sjúkraþjálfara og var boðið að koma og kíkja á staðinn. Oddfríður mætti á staðinn bara með það í huga að nýta sér sjúkraþjálfunina og tækjasalinn og sér ekki eftir því enda segir hún gleði og afslappað andrúmsloft einkenna Ljósíð.

„Það voru mín gæfuspor í þessu ferli. Ég fékk ótrúlega góðar mótökur, það var svo mikil virðing, kærleikur og skilningur hjá fólkinu þarna. Ég fékk tíma hjá sjúkraþjálfara og svo voru þær duglegar að kynna fyrir mér allt annað sem var í boði í Ljósínu.“

Oddfríður talaði við iðjuþjálfara sem fór yfir daginn með henni, hún nýtti sér sálfræðiþjónustuna og hefur sótt ýmis námskeið á vegum Ljóssins. „Ég fór á námskeið sem heitir Heilsuefning í þínum höndum, núvítundarnámskeið, hef aðeins farið í jógatíma og núna er ég á leirnámskeiði.“

Oddfríður fór einnig á námskeið fyrir fólk sem nýlega hefur fengið greiningu sem hún segist hafa verið mjög ánægð með. Þar lærði hún ýmsa praktiska hluti allt frá því hvaða réttindi hún hefur til hvaða tannkrem sé gott að nota. Eftir að hún lauk meðferð fór hún á námskeið sem heitir Aftur til vinnu eða náms sem er hugsað þannig að fólk sé betur í stakk búið til að mæta aftur til vinnu, náms eða nýrra verkefna að veikindaleyfi loknu.

„Ég furða mig á hvernig starfsfólkið í Ljósínu nær að veita svona frábæra, faglega og heilðræna þjónustu fyrir allt þetta fólk, og megnið af námskeiðunum er ókeypis. Ég hefði ekki viljað hafa endurhæfinguna mína í einhverjum öðrum höndum eða á öðrum stað,“ segir Oddfríður.

Í Ljósínu er boðið upp á margs konar handavinnu.

Margþætt og mælanlegt

Finnbjörg Skaftadóttir, deildarstjóri dagendurhæfingar á Hrafnistu í Laugarási, segir mikilvægt að veita þjónustuþegum stuðning sem geri þeim kleift að auka og viðhalda færni til áframhaldandi sjálfstæðrar búsetu eins lengi og unnt er.



„Úrræðið er hugsað fyrir fólk sem býr heima og þarf á endurhæfingu að halda vegna margvíslegra ástæðna, er kannski að styrkja sig til dæmis eftir aðgerðir eða veikindi. Hingað kemur fólk sem hefur farið í hjartalokuaðgerðir, er að jafna sig eftir brot eða er bara að kljást við félagslega einangrun,“ útskýrir Finnbjörg.

Ferlið er einfalt og faglegt. „Allir sem koma hingað til okkar gera það í gegnum lækna eða hjúkrunarfræðinga sem leggja fram beiðni þar sem fram kemur hvað það er sem þarf að styrkja og hverju fólk þarf á að halda.“

Meðferðin er einstaklingsmiðuð og séð er um að koma þjónustuþegum á milli staða. „Hver og einn fær stundatöflu. Þeir einstaklingar sem koma til okkar búa heima hjá sér og eru sóttir heim að morgni í leigubíl og keyrðir heim seinni-partinn.“

Þá fer einnig fram markvisst stöðumat, bæði við upphaf og endi meðferðar. „Svo taka sjúkrapjálfararnir við og taka viðtöl við fólk, gera stöðumat og athuga hvað þurfi að styrkja. Við lok meðferðar, sem er að hámarki tíu vikur, er aftur gert stöðumat og þá nánast undantekningarlaust hefur fólk náð að styrkjast. Þannig að það er svona mælanlegt.“

Dýrmætir endurfundir og vinátta

Finnbjörg segir félagslega þáttinn ekki síst mikilvægan. „Fólk er oft mjög einmana, treystir sér ekki til þess að fara út og er veikt. Það þurfa allir að vera orðnir 67 ára, elsti er alveg upp í 94 ára eins og er.“ Þá hafa verið fagnadardundir og vinátta orðið til. „Mikið af þessu fólk er af sömu kynslóð og þekkt. Fólk er að hitta kannski gömul skólasystkini og það eru mjög nán samskipti og fólk er að styðja hvert annað.“

„Það var ein kona sem var hjá okkur sem sagði: Það er tvennt sem er svo gott við þessa deild, fyrir utan margt annað, það er að allir eru með nafnspjöld á sér, þannig að ég get alltaf ávarpað fólk með nafni, og svo er stutt á milli stóla að ég kemst ekki hjá því að tala við sessunautinn.“

Eftir að úrræðinu lýkur er reynt að fylgja skjólstaðingum eftir. „Við reynum að finna víðeigandi úrræði sem henta hverjum og einum og þar fær fólk gjarnan tækifæri til þess að halda áfram að rækta vinskapi.“

Finnbjörg segir mikla ánægju hafa ríkt meðal skjólstaðinga dagendurhæfingarinnar. Ein þeirra, Pálína Jónsdóttir, var svo himinlifandi og þakklát fyrir þjónustuna að hún sá sig knúna til þess að koma á framfæri ánægju sinni og fær hún því orðið.

„Þetta er frábært úrræði fyrir aldraða sem geta með stuðningi búið heima hjá sér og hugsað um sig, en finna fyrir því að orkan og framtakssemin minnar og sumir finna líka fyrir tilbreytingarleysi og einsemd,“ segir Pálína. Hún segir árangurinn sem hún hafi náð ótvíráðan. „Eftir nokkurra vikna dvöl hafði styrkur minn aukist svo að ég kunni mér ekki læti, en ef hann minnkar aftur þá er hægt að sækja aftur um dvöl eftir hálf ár og hressa upp á líkama og sál.“



Dvalar- og hjúkrunarheimili Hrafnistu í Laugarási er eitt af sjö heimilum sem rekin eru undir hatti Hrafnistu.

Fjölpætt og fagleg úrræði

Hrafnista býður upp á ýmis úrræði fyrir aldraða sem miða að því að stuðla að bættum lífsgæðum. Hér er varpað nánara ljósi á þrjú ólík úrræði. Viðmælendur eru allar deildarstjórar sem stýra endurhæfingarúrræðum.

Alhliða þjálfun árangursrík

Sigurdis Reynisdóttir, deildarstjóri sjúkrapjálfunar á Hrafnistu í Reykjanessbæ, leggur áherslu á mikilvægi alhliða þjálfunar, sem nær til líkamlegra, andlegra og félagslegra þátta. „Markmið sjúkrapjálfunar fyrir okkar hóp skjólstaðinga er að viðhalda, bæta og þjálfa upp líkamlega færni, minnka verki og auka lífsgæði,“ segir Sigurdís. „Lögð er áhersla á teymisvinnu til að efla einstaklinginn til virkni og samveru og mikið er lagt upp úr jákvæðu viðmóti og vingjarnlegri framkomu.“

Þjónustan er bæði lausna- og einstaklingsmiðuð. „Við leggjum ríka áherslu á að leysa farsælega úr málum, aðlaga vita aðstæðum og þörfum og veita persónubundna þjónustu þar sem lögð er áhersla á virðingu fyrir einstaklingnum og reynt að hvetja til athafna sem hafa gildi fyrir viðkomandi.“ Þá eru viðhöfð fagleg vinnubrögð við skipulagningu og framkvæmd meðferða. „Sannreynd vísindi eru höfð að leiðarljósi við meðferð og áhersla á alhliða þjálfun, líkamlega jafnt sem andlega og félagslega.“

Ólíkur bakgrunnur

Flestir skjólstaðingararnir eru búsettir á hjúkrunarheimilum, en ekki allir. „Íbúar hjúkrunarheimilanna eru stærsti hluti þeirra sem nýta sér þjónustu sjúkrapjálfa en að auki sækja einstaklingar úr þjónustuibúðum og nærumhverfi þjónustu sem er í boði hjá sjúkrapjálfurum heimilanna.“

Sigurdis segir þjónustuþega

koma af ýmsu tilefni. „Margvíslegar ástæður liggja að baki komu þessara einstaklinga til sjúkrapjálfa, t.d. endurhæfing eftir brot, skert jafnvægi, skert athafnaþrek, velliðan við að hreyfa sig og svo framvegis.“

Meðferðirnar sem boðið er upp á eru af fjölbreyttum toga. „Íbúum stendur til boða almenn æfinga-meðferð í sal, gönguferðir eða önnur sérhæfðari meðferð sjúkrapjálfa, til dæmis verkjameðferð, nálastungur og jafnvægisþjálfun, allt eftir þörfum hvers og eins. Mikil áhersla er lögð á virka alhliða þjálfun, þ.e. færni-, jafnvægis-, styrktar- og líðleikaæfingar en jafnframt er reynt að samtvinnna þjálfun við vilja einstaklingsins, áhuga hans og gildismat.“

Sigurdis segir afar mikilvægt að aðstoða þjónustuþega við að viðhalda sjálfstæði. „Sjálfstæði er okkur öllum mikilvægt. Þó færni hraki geta litlu hlutirnir skipt miklu máli til að upplifa okkur sem sjálfstæða einstaklinga. Því er mikilvægt að einstaklingar á hjúkrunarheimilum fái tækifæri til að gera þá hluti sem þeir geta. Það að geta sinnt daglegum athöfnum eykur fyrst og fremst lífsgæði og lífsgleði.“

Hreyfing er mikilvæg og notkun hjálpartækja gagnleg

Rík áhersla er lögð á líkamsrækt. „Hreyfing hefur fjölpætt gildi fyrir unga sem aldna. Rannsóknir hafa sýnt að almenn hreyfing bætir þol, eykur vöðvastyrk, bætir svefn, minnkar líkur á ýmsum sjúk-

dómum, eykur andlega og líkamlega færni og fleira.“

Með aldrinum minnki oft hreyfing en árangurinn af markvissri hreyfingu er umtalsverður. „Oft dregur úr hreyfingu með aldrinum og eru aldraðir einnig oft að glíma við sjúkdóma og önnur líkamleg einkenni og því getur þekking sjúkrapjálfa og annarra fagaðila stuðlað að auknum lífsgæðum síðustu æviárin fyrir þennan hóp. Ávinningurinn af sjúkrapjálfun getur verið margvíslegur þar sem markmið eru misjöfn eftir þörfum hvers og eins m.a. minni verkir, minni lyfjapotkun, betri setstaða, aukin göngugeta, betra jafnvægi o.fl.“

Þá er notkun hjálpartækja einnig gagnleg og geta þau haft veruleg áhrif á lífsgæði fólks. „Þegar líkamlegri færni hrakar geta hjálpartæki gefið einstaklingnum tækifæri til að halda áfram að taka þátt í daglegum athöfnum þar sem hjálpartæki geta aukið sjálfstæði, bætt færni, aukið velliðan og auðveldað umönnun séu þau notuð rétt,“ útskýrir Sigurdís. „Hjálpartæki eru mörg og fjölbreytt, t.d. spelkur, griptangir og sessur en í starfi sjúkrapjálfa á Hrafnistu eru algengustu hjálpartækin hjóla-stólar og göngugrindur. Vegna fjölbreytts úrvals hjálpartækja er mikilvægt að meta getu og þarfir hvers einstaklings fyrir sig og endurmeta reglulega.“



Sækja styrk úr samfélaginu

Harpa Björgvinsdóttir, deildarstjóri iðjuþjálfunar á Hrafnistu í Hafnarfirði, segir mikilvægt að rjúfa félagslega einangrun meðal aldraða. Það hefur meðal annars verið gert með því að virkja nærumhverfið.



„Markmið iðjuþjálfunar á Hrafnistu er að efla og viðhalda færni við þá iðju sem einstaklingurinn vill geta sinnt og skiptir hann máli. Við leggjum áherslu á einstaklingsmiðaða þjónustu, að finna úrræði fyrir hvern og einn sem miðast út frá áhugasviði og vilja einstaklingsins með þarfir hans og óskir að leiðarljósi,“ útskýrir Harpa. „Við teljum mikilvægt að einstaklingurinn geti verið sjálfstæður í sinni iðju eins lengi og mögulegt er og til þess notum við þjálfun, hjálpartæki og öll möguleg úrræði til að aðstoða okkar heimilismenn.“

Þjónustan sem boðið er upp á er margþætt og í einhverjum tilfellum jafnvel nýstárleg. „Við höfum mikið af úrræðum í boði á okkar heimili og má þar nefna ýmsan skynörvunarbúnað eins og meðferðarkisur atlaðar einstaklingum með heilabilun, tónlistarmeðferðir, hitameðferðir, handþjálfun, minningavinnu, félagsfærniþjálfun og fleira.“

„Þó færni hraki geta litlu hlutirnir skipt miklu máli til að upplifa okkur sem sjálfstæða einstaklinga.“

Hugmyndaríkar nálganir

Þá hafa þau einnig átt í samstarfi við leik- og grunnskóla. Samstarfið hefur vakið eftirtekt og borið góðan árangur. „Til þess að viðhalda samfélagslegum tengslum erum við í samvinnu við fjóra leikskóla í nærumhverfi okkar sem koma í heimsókn einu sinni í mánuði og á hver leikskóli sína vinadeild á heimilinu,“ segir Harpa. „Við erum einnig með samstarfsverkefni við Viðistaðaskóla sem við köllum lestrarvini sem er þannig byggt upp að nemendur 6. bekkjar koma til okkar einu sinni í viku og lesa fyrir sinn lestrarvinn og má til gamans geta að þetta verkefni hlaut Hvattningarverðlaun Heimilis og skóla síðastliðið vor.“

Þjónustuþegar njóta einnig liðsinnis úr dýrarikinu. „Við eigum líka í góðu samstarfi við Rauða krossinn og fáum meðal annars til okkar heimsóknarvinn með hund á Bylgju- og Bárurhraun, og er verið að vinna í því að fá þann þriðja sem mun koma á Sjávar- og Ægis-hraun.“

„Nýlega fengum við svo okkar eigin hund á deildina sem fylgir eiganda sínum, sem er iðjuþjálfari, í starfi hans hluta dagsins. Hún heitir Pruma, er þriggja mánaða Schnauzer tik og er hvers manns hugljúfi. Hún mun fylgja iðjuþjálfara Ölduhrauns til að byrja með á meðan hún er í aðlögun hjá okkur en þegar fram líða stundir mun hún fara á milli deilda,“ segir Harpa.

„Síðast en ekki síst erum við með vinnustofu þar sem aðstoðarmenn iðjuþjalfa taka á móti okkar fólk og aðstoða meðal annars við þeirra handverk og í myndlist ásamt því að við bjóðum upp á öflugt félagsstarf. Erum þessi úrræði meðal annars hluti af því að rjúfa félagslega einangrun með því að skapa aðstoðar fyrir okkar fólk til að geta sinnt sinni iðju og áhugamálum og ýta undir þátttöku þeirra.“

Betur má ef duga skal

Endurhæfing þeirra sem greinast með krabbamein þarf að vera meiri og markvissari enda sýna rannsóknir að hún getur bætt lífsgæði og skilað verulegum samfélagslegum ávinningi.

Miklar framfarir í greiningu og meðferð hafa leitt til þess að stöðugt fjölga þeim sem lækna af krabbameinum eða lifa með krabbamein sem langvinnan sjúkdóm. Nú eru um 15.000 Íslendingar á lífi sem einhvern tíma hafa greinst með krabbamein.

Afleiðingar krabbameina og krabbameinsmeðferða eru hins vegar margvislegar. Vandamálin eru ekki einungis tímabundin heldur geta þau varað löngu eftir að meðferð lýkur. Oft er um fjölþættan vanda að ræða sem getur haft viðvarandi áhrif á lífsgæði einstaklingsins og aðstandenda hans, svo sem líkamlega, andlega og félagslega erfiðleika, til dæmis í formi verkja, þreytu, kvíða og þunglyndis.

Rannsóknir leiða sífellt betur í ljós að markviss og öflug endurhæfing getur dregið bæði úr tímabundnum og síðbúnum aukaverkunum. Hún skilar sér ekki sist í því að fólk er betur í stakk búíð til að takast á við daglegt líf, býr við betri lífsgæði og er auk þess líklegri til að geta snúið fyrr en ella aftur til vinnu. Ljóst má því vera að endurhæfing skilar verulegum ávinningi, ekki bara í þágu einstaklinganna sjálfra og aðstandenda, heldur einnig samfélagslega.

Raunin er þó sú að of fáir fá viðunandi endurhæfingu og það



Rannsóknir leiða í ljós að markviss og öflug endurhæfing getur haft verulega mikið að segja og dregið bæði úr tímabundnum og síðbúnum aukaverkunum.

er tilviljunarkennt hverjir fá hana. Sé endurhæfing undanskilin þegar lyfjameðferð, geislameðferð eða skurðaðgerð á sér stað, er ekki verið að veita þá þjónustu sem vitað er að skilar bestum heilsufarslegum árangri.

Enn langt í land

Þó framfarir hafi óneitanlega orðið í endurhæfingarmálum krabbameinsgreindra á Íslandi má gera mun betur. Umbætur

eru stórt hagsmunamál, ekki sist fyrir samfélagið í heild. Félög og stofnanir sem koma að endurhæfingu krabbameinsgreindra hafa undanfarin tvö ár tekið höndum saman um að gera endurhæfingu að sjálfsögðum og órjúfanlegum hluta krabbameinsmeðferðar. Lögð er áhersla á að allir sem greinast með krabbamein fái mat á endurhæfingarþörf við greiningu og sé strax vísað í viðeigandi úrræði. Starfshópur fagaðila

Hafðu samband

- Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins býður öllum sem greinast með krabbamein og aðstandendum þeirra ráðgjöf og stuðning. Hægt er að panta viðtal í tölvupósti, radgjof@krabb.is, eða hringja í síma 800 4040 alla virka daga. Nánari upplýsingar á krabb.is.
- Kraftur sinnir ungu fólki með krabbamein á aldrinum 18-40 ára og aðstandendum þeirra. Nánari upplýsingar fást á heimasíðunni kraftur.org, með því að senda tölvupóst á kraftur@kraftur.org eða hringja 866 9600.
- Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis býður stuðning og fræðslu. Nánari upplýsingar fást á heimasíðunni kaon.is, í síma 461 1470 eða í netfangi kaon@krabb.is.
- Önnur aðildarfélög Krabbameinsfélagsins víða um landið veita upplýsingar um stuðning í sinni heimabyggð.

hefur unnið að áætlanagerð og lagt fram tillögur um hvernig þetta geti komið til framkvæmda. Í honum eru fulltrúar frá Endurhæfingarteymi Landspítala, Heilsustofnun NLFÍ, Krabba-

meinsfélaginu, Krafti, Ljósinu og Reykjalundi.

Það var því fagnaðarefni þegar heilbrigðisyfirvöld tilkynntu nýverið að auka ætti áherslu á endurhæfingu og mótuð yrði sérstök stefna um endurhæfingarmál á Íslandi. Þriggja ára samningur við Ljósíð, endurhæfingarmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra, endurspeglar viðurkenningu yfirvalda á þessari þörf. Þetta hljóta að teljast skrefin rétt átt þó enn sé langt í land með að allir sem greinast með krabbamein fái endurhæfingu við hæfi, allt frá upphafi meðferðar – og að allir hafi jafnt aðgengi að slíkri þjónustu.

Við erum til staðar fyrir þig

Krabbameinsfélag Íslands og aðildarfélög þess, t.d. Kraftur, Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis og Árnassýslu veita krabbameinsgreindum og aðstandendum líkamlega- og sálfélagslega endurhæfingu meðal annars í formi ráðgjafar, stuðnings, hreyfingar og fræðslu án endurgjalds. Einnig er boðið upp á námskeið og fyrirlestra, og fyrirlestrum í Skógarhlíð er streymt á netinu.

Greinina skrifa Hulda Hjálmaradóttir, framkvæmdastjóri Krafts, og Sigrún Elva Einarsdóttir, sérfræðingur í fræðslu og forvörnum hjá Krabbameinsfélaginu.

fastus.is

VIÐ LÉTTUM ÞÉR LÍFIÐ

Heilbrigðissvið Fastus býður upp á heildarlausnir í endurhæfingar-, hjúkrunar- og hjálpartækjum. **Pantaðu tíma hjá söluráðgjöfum okkar í síma 580 3900** sem aðstoða þig við að velja vörur sem henta þínum þörfum.



RAFSKUTLUR



HJÚKRUNARRÚM & DÝNUR



GÖNGUGRINDUR



ÆFINGATÆKI TIL HEIMANOTKUNAR



BAÐ- & SALERNISHJÁLPARTÆKI



NÆRINGARVÖRUR



SNÚNINGSLÖK



HJÓLASTÓLAR

Enginn einn finnur lausnina

VIRK starfsendurhæfingarsjóður var stofnaður af helstu samtökum stéttarfélaganna og atvinnurekenda á vinnumarkaði árið 2008 til þess aðstoða fólk inn á vinnumarkaðinn eftir veikindi eða slys.

Markmið okkar hjá VIRK er ávallt að bjóða upp á faglega þjónustu af bestu gæðum og sem skilar árangri fyrir einstaklinga og samfélag,“ segir Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK.

Þeir sem eiga rétt á þjónustu VIRK eru einstaklingar sem ekki geta sinnt starfi sínu að hluta til eða öllu leyti, eða tekið þátt á vinnumarkaði af völdum heilsuþrestra. Framvísa þarf beiðni eða vottorði frá lækni og hafa að markmiði að verða virkur þátttakandi eða að auka þátttöku sína á vinnumarkaði.

„Einstaklingar sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda eru undantekningalítið að glíma við flókinn vanda og flóknar aðstæður. Það kallar á að mismunandi fagstéttir vinni saman að því að veita meðferð og finna lausnir, auk þess sem nauðsynlegt er að ólíkar stofnanir velferðarkerfisins vinni saman út frá þeim fjölbreyttu þörfum sem einstaklingarnir hafa,“ segir Vigdís.

Fjölbreyttur hópur

Á vegum VIRK starfa rúmlega fimmtíu sérhæfðir ráðgjafar staðsettir hjá stéttarfélögum víða um land. Þeir eru notendum þjónustunnar til hvatningar og eftirfylgni allan starfsendurhæfingarferilinn.

„VIRK á í miklu og góðu samstarfi við þjónustuaðila um allt land, leggur áherslu á að nýta fagfólk á hverju svæði fyrir sig og þróa úrræði sem henta þeim fjölbreytta hópi sem nýtir sér þjónustu VIRK,“ segir Vigdís.

Nú eru rúmlega 2.600 einstaklingar í þjónustu VIRK og allt stefnir í að á árinu 2019 bætist við metfjöldi nýrra einstaklinga.

„Þeir sem leita til VIRK eru með fjölbreyttan bakgrunn og koma úr öllum starfsstéttum. Annars er sama hver bakgrunnurinn er; um 80 prósent þeirra sem til VIRK koma glíma ýmist við geðræna kvilla eða stoðkerfisvandamál. Reyndar hangir þetta tvennt oft saman og yfirleitt er vandinn margþættur,“ upplýsir Vigdís.

Hjá VIRK hefur verið byggður upp þverfaglegur starfsendurhæfingarferill og persónuleg ráðgjöf og þjónusta sem þróuð hefur verið í takt við reynslu og árangur undanfarinna ellefu ára, sem og rannsóknir hér heima og erlendis.

„Á þeim ellefu árum sem VIRK hefur starfað hafa rúmlega 16.700 einstaklingar nýtt sér starfsendurhæfingarþjónustuna og um 9.800 þeirra útskrifast. Þar af hafa ríflega 7.500 farið áfram í vinnu, atvinnuleit eða nám að lokinni starfsendurhæfingu,“ segir Vigdís.

VelVIRK

VIRK fór í fyrra af stað með forvarnarverkefnið VelVIRK.

„Með því viljum við vinna gegn brottfalli af vinnumarkaði vegna heilsuþrestra, einkum og sér í lagi

„Ljóst er að til staðar eru ótal tækifæri í atvinnulífinu fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu ef tryggður er viðunandi stuðningur og þjónusta.“

Vigdís Jónsdóttir

vegna álagstengdra einkenna. Horft er til einstaklingsins, til þess sem hvert okkar þarf að huga að, til vinnustaða og samfélagsins í heild, umræðunnar og andans í samfélaginu,“ útskýrir Vigdís.

VelVIRK samanstandur af fjórum þáttum

„Vitundarvakningin „Er brjáláð að gera?“ vekur fólk til umhugsunar á gamansaman hátt um mikilvæga hluti eins og samskipti á vinnustað, áreitið í samfélaginu og mikilvægi jafnvægis á milli vinnu og einkalífs,“ upplýsir Vigdís.

Annar þáttur verkefnisins er umfangsmikil rannsókn á ástæðum brottfalls af vinnumarkaði og sá þriðji gengur út á heilsuefandi vinnustaði sem er samstarfsverkefni VIRK, Embættis landlæknis og Vinnueftirlitsins.

„Fjórði þáttur VelVIRK er vefsíðan velvirk.is þar sem finna má upplýsingar og gagnleg ráð í forvarnarskygni, um jafnvægi og vellíðan í lífi og starfi. Á vefsíðunni er einnig leitast við að styðja við bakið á stjórnendum og leiðtogum á vinnustöðum, þar má finna fræðslu um góða stjórnunarhætti og ýmis verkefni sem stjórnendur geta nýtt sér. Einnig er þó nokkuð af upplýsingum á velvirk.is sem snúa að vellíðan og hvernig við getum haldið streitu í skefjum með til dæmis náttúrukortinu og streitustiganum,“ upplýsir Vigdís.

VIRK atvinnutenging

Strax í upphafi lagði VIRK mikla áherslu á að byggja upp góðan, einstaklingsmiðaðan starfsendurhæfingarferil sem uppfyllir tiltekna faglegar viðmiðanir í samstarfi við fagaðila um allt land.

„Þessi uppbygging hefur verið árangursrik og skilað stórum hópi einstaklinga með aukna vinnugetu í virka atvinnuþátttöku,“ segir Vigdís.

„Á undanförunum þremur árum hefur síðan verið þróuð mjög markviss þjónusta, VIRK atvinnutenging, sem miðar að aukinni atvinnutengingu í starfsendurhæfingu. Ráðnir hafa verið inn sérhæfðir atvinnulífstenglar sem aðstoða einstaklinga við að finna



Vigdís Jónsdóttir er framkvæmdastjóri VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

störf við hæfi í lok starfsendurhæfingarferilsins og lítið er á þessa þjónustu sem hluta af starfsendurhæfingarferlinu. Hún stendur þeim einstaklingum til boða sem ekki hafa getu til að finna sjálfir starf á vinnumarkaði í lok starfsendurhæfingar,“ upplýsir Vigdís um VIRK atvinnutengingu sem skilað hefur mjög góðum árangri.

„Það hefur verið sérstaklega ánægjulegt að vinna með fyrirtækjum um allt land í þessu verkefni. Ljóst er að til staðar eru ótal tækifæri í atvinnulífinu fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu ef tryggður er viðunandi stuðningur og þjónusta. Það er enginn einn sem finnur lausnina heldur næst árangurinn fyrst og fremst í

samstarfinu þar sem framlag allra er mikilvægt og mikilvægast af öllu er að hlusta á einstaklinginn, hvetja hann og styðja til aukinnar virkni og sjálfshjálpar.“

VIRK starfsendurhæfingarsjóður er í Guðrúnartúni 1. Sími 535 5700. Sjá nánar á virk.is



Vitundarvakningin Er brjáláð að gera? vekur fólk til umhugsunar um mikilvæga hluti þegar kemur að jafnvægi á milli vinnu og einkalífs. Á velvirk.is má finna ýmsar upplýsingar og gagnleg ráð.

Hjálpá fólki út í lífið á ný

Grensásdeild sinnir afar mikilvægu starfi við að hjálpa fólki til sjálfsbjargar á ný eftir erfið veikindi, alvarleg slys eða önnur áföll. Þeir sem sækja þjónustu Grensásdeildar eru á öllum aldri.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Endurhæfingardeild Landspítalans gengur dagsdaglega undir nafninu Grensásdeild út af staðsetningunni. Við erum í miðju höfuðborgarsvæðisins en húsið stendur á gömlu túni, efst á Grensáshæð með útsýni til allra átta. Grensásdeildin varð upphaflega til sem hluti af gamla Borgarspítalanum árið 1973. Allt frá upphafi hefur endurhæfing verið rauði þráðurinn í starfsemi hússins. Stærsti hluti þeirra sem til okkar koma eru einstaklingar sem hafa fengið sjúkdóma eða áverka í taugakerfi. Þar eru heilablóðfalls-sjúklingar langstærsti hópurinn, en einnig koma margir vegna heilaáverka, mænuskaða, fjöláverka, ýmissa aðgerða, útlíma-missis eða annarra alvarlegra veikinda. Þessi þjónusta er eðli málsins samkvæmt, hluti af gangverki Landspítalans og langflestir, sem hingað koma, koma beint af deildum spítalans," segir Stefán Yngvason, yfirlæknir á Grensás.

Á þessum 46 árum hefur starfsemi breyst og þróast í takt við nútímann, nýja tækni og breytingar í lýðheilsu og sjúkdómsmynstri fólks. Hlutverk deildarinnar er nú sem fyrr að gefa fólki tækifæri til að öðlast á ný sem mest af fyrri færni og aðlagast breyttum aðstæðum.

